# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

269. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MÁNUDAGUR 14. NÓVEMBER 2016





Nánast öll skip lágu bundin við bryggju um helgina vegna verkfalls sjómanna. Áhöfn björgunarskipsins Ásgríms S. Björnssonar hafði þó í nógu að snúast í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Algjör þögn um sölu á Klakka

**VIÐSKIPTI** Engin svör fást frá Lindarhvoli um gagnrýni á söluferli Lindarhvols á eignum ríkisins í Klakka sem á lánafyrirtækið Lýsingu. Sölunni er lokið. Veruleg óánægja er með framkvæmd sölunnar meðal umbjóðenda Kviku sem sendu tilboð í félagið.

Félagið sem keypti eignirnar hafði áður reynt að kaupa hlutinn í Klakka á 428 milljónir króna í lok september. Klakki var svo auglýstur til sölu og 14. október sendi Kvika tilboð fyrir hönd viðskiptavina sem hljóðaði upp á 501 milljón króna. BLM reyndist svo eiga tilboð upp á 505 milljónir króna í hlutinn. Aðra bjóðendur grunar að trúnaðargögnum hafi verið lekið. **– hh / sjá síðu 8**

**» Aðra bjóðendur grunar að trúnaðargögnum um söluna hafi verið lekið**

# Efast um að myndun stjórnarinnar takist

**Stjórnarmaður í Bjartri framtíð og fyrrverandi þingmaður segir prinsippmál koma í veg fyrir að flokkurinn geti myndað stjórn með Viðreisn og Sjálfstæðismönnum. Standi Óttarr Proppé á prinsippum sínum muni viðræður enda fljótt.**

**STJÓRNMÁL** „Ég tel að við eigum enga samleið,“ segir Páll Valur Björnsson, stjórnarmaður í Bjartri framtíð og fyrrverandi alþingismaður. Leiðtogar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar hafa um helgina rætt myndun stjórnar. Hugmyndin leggst misvel í fólk sem tilheyrir flokkunum þremur.

Páll Valur segir Bjarta framtíð vera róttækan mannréttindaflokk, umhverfisflokk og alþjóðlega sinnaðan. „Það var kosið út af Panamaskjölunum og þar var Bjarni,“ segir hann og bætir við að samstarf við Sjálfstæðisflokkinn hefði átt að vera síðasti kosturinn í stjórnarmyndunarviðræðum.

„Ég hef ekkert á móti fólkinu í honum, kynntist mörgu frábæru fólki þarna sem þingmaður og eignaðist góða vini,“ segir Páll Valur. Hann telur formann Sjálfstæðisflokksins vera á móti kerfisbreytingum og það getur hann illa sætt sig við. „Þeir sviku Evrópusambandsloforðið og ég er ekkert tilbúinn til þess að fyrirgefa það strax.“

Páll Valur segist hafa komið skoðun sinni á framfæri á stjórnarfundi flokksins í síðustu viku. Hann segist bera mikla virðingu fyrir Óttari Proppé, formanni Bjartrar framtíðar, og treysta honum.

„Ef hann stendur fast á sínum prinsippum, þá enda þessar stjórnarmyndunarviðræður fljótlega. Því ég trúi ekki að hann gefi neitt eftir í þeim málum sem við höfum lagt áherslu á, eins og í landbúnaðarmálum,“ segir Páll Valur í samtali við Fréttablaðið. **– jhh**

### Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Guðmundur Andri skrifar um fallin skáld. 11

**SPORT** Landsliðið okkar missti af gullnu tækifæri í Króatíu. Fjórar síður af íþróttaefni í dag. 13-16

**TÍMAMÓT** Tugir hundaeigenda gleðja fólk á stofnunum og dvalarheimilum 18

**LÍFIÐ** Róbert Agnarsson vakti athygli í leik Íslendinga og Króatíumanna 26




**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● LÍFIÐ**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015




## Veður




Í dag verður hægari vindur á landinu en verið hefur undanfarna daga. Boðið verður upp á suðvestan 8-13 m/s og rigningarskúri, en þurrt norðaustanlands. Hiti 2 til 7 stig. SJÁ SÍÐU 20



**Ólafur Loftsson, formaður Félags grunnskólakennara.**

# Þolinmæðin senn á þrotum

**KJARAMÁL** Samninganefndir Félags grunnskólakennara og sveitarfélaganna hafa verið boðaðar til fundar hjá Ríkissáttasemjara í dag. Ólafur Loftsson, formaður Félags grunnskólakennara, telur að deiluaðilar í kjaraviðræðunum hafi ekki langan tíma til að ná nýjum kjarasamningi áður en boðað verður til verkfalls.

„Það er ljóst að það þarf að bæta við launaliðinn og bæta ákveðna hluti sem snúa að vinnutímanum okkar. Það er það sem við höfum verið að ræða við sveitarfélögin,“ sagði Ólafur Loftsson í samtali við Stöð 2 í gær. – jkj

# Hundalíf í Víðidal



Alþjóðleg hundaræktarsýning fór fram í Reiðhöllinni í Víðidal um helgina. Þar voru sýndir þýskir fjárhundar auk hunda af margvíslegum öðrum tegundum. Þessir þrír hundar stilltu sér upp með eigendum sínum og virtust hinir kátustu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Komast á netið frá öryggisdeild

**FANGELSISMÁL** Samkvæmt nýjum reglum Fangelsismálastofnunar ríkisins, sem tóku gildi fyrir helgi, geta fangar á öryggisdeild á Litla-Hrauni fengið að fara á internetið. Föngum annarra deilda fangelsisins hefur hingað til verið gefinn kostur á að fara á internetið undir eftirliti.

Á öryggisdeild eru vistaðir fangar sem gerst hafa sekir um alvarleg eða ítrekuð agabrot, eru taldir stefna öryggi fangelsisins í hættu eða geta ekki vistast með öðrum föngum vegna hegðunar sinnar.

Samkvæmt nýju reglunum getur forstöðumaður heimilað föngum á öryggisdeild aðgengi að nettengdri tölvu í sameiginlegu rými deildarinnar.

Mikið eftirlit er haft með föngum á öryggisdeild og eru til dæmis flest símtöl þeirra hleruð og þeim almennt ekki hleypt í útiveru með öðrum föngum fangelsisins. - þh

# Ungmenni dæmt fyrir ofsaakstur

**DÓMSMÁL** Rúmlega tvítugur karlmaður var í Héraðsdómi Norðurlands eystra sakfelldur fyrir hraðakstur. Sjálfvirk myndavél í Héðinsfjarðargöngunum mældi manninn á 191 kílómetra hraða en leyfilegur hámarkshraði í göngunum er 70 km/klst.

Ökumaðurinn játaði því að hafa ekið bifreiðinni umrætt sinn en taldi sig ekki hafa ekið henni hraðar en rétt rúmlega 70 km/klst. Taldi hann að myndavélin hefði verið biluð. Með hliðsjón af framburði vitna og niðurstöðu dómkvaddra matsmanna féllst dómari málsins ekki á það.

Maðurinn, sem er fæddur 1994, hefur áður gerst brotlegur við lög. Honum var gert að greiða 185 þúsund krónur í sekt en sæta ella fangelsi í þrettán daga. Þá var hann sviptur ökuleyfi í fimm mánuði. - jóe




# Sérsveitin fær að nota höggboltabyssur

**Heimilt að nota höggboltabyssur að uppfylltum sömu skilyrðum og heimila að beita kylfum. Eru almennt ekki lífshættulegar en geta leitt til dauðsfalla.**

**LÖGREGLAN** Sérsveitin hefur tekið í notkun skotvopn sem skjóta höggboltum. Höggboltabyssur eru hugsaðar sem vægara úrræði en notkun hefðbundins skotvopns. Byssurnar skjóta mjúkum bolta úr svampi og eru almennt ekki lífshættulegar. Hafni kúlan í höfði, hálsi eða bringu manns getur það þó leitt hann til dauða.

Ríkislögreglustjóri heimilaði, þann 12. ágúst síðastliðinn, sérsveitinni að taka í notkun vopnin með vísan til reglna um valdbeitingu lögreglumanna og meðferð og notkun valdbeitingartækja og vopna. Í athugasemdum með reglunum kemur fram að talsvert af nýjum búnaði sé í þróun, svo sem rafmagnsbyssur, netbyssur og höggskotfæri. En samkvæmt áttundu grein reglnanna getur ríkislögreglustjóri heimilað notkun slíkra vopna í sérstökum tilfellum.

„Sérsveitinni er heimilt að nota höggboltabyssurnar að uppfylltum sömu skilyrðum og henni er heimilt að beita kylfum. Beita má byssunni þegar brýna nauðsyn ber til og vægari aðferðir hafa ekki dugað,“ segir Jón Bjartmars, yfirlögregluþjónn hjá embætti Ríkislögreglustjóra.

Í svari frá Jóni segir í hvaða tilvikum heimilt er að nota höggboltabyssurnar, svo sem til að afstýra árás á lögreglumann eða þriðja mann eða til að handataka hættulega menn. Byssurnar má einnig nota þegar einhver reynir að koma í veg fyrir handtöku eða reynir að hindra lögreglu við störf sín og til að knýja fram hlýðni við skipun sem ekki er fylgt, enda sé nauðsynlegt að henni sé framfylgt tafarlaust.

Vopnaburður lögreglunnar hefur verið mikið til umræðu síðustu ár.



**Táragasbyssur verða notaðar til þess að skjóta höggboltunum.** FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

> Ekki hefur enn komið til þess að sérsveitin noti höggboltabyssur í útkalli



Jón F. Bjartmarz, yfirlögregluþjónn hjá Ríkislögreglustjóra

Fyrir tveimur árum bárust 250 hríðskotabyssur af gerðinni MP5 til landsins frá Norðmönnum. Málið vakti mikla athygli og óttuðust margir að vopnasendingin væri skref að auknum vopnaburði lögreglumanna. Landhelgisgæslan átti að fá 100 þeirra og lögreglan 150 en þegar kom í ljós að ekki var um gjöf að ræða voru þær sendar aftur til Noregs.

„Ekki hefur enn komið til þess að sérsveitin noti höggboltabyssur í útkalli,“ segir í svari Jóns Bjartmarz.

thorgeirh@frettabladid.is




Það er sama hvert tilefnið er, það verður alltaf meira spennandi með Volkswagen Polo.
Hann hefur þennan eiginleika að keyra þig áfram með hvað sem þér dettur í hug. Gefðu hugarfluginu lausan tauminn og hoppaðu upp í Polo. Ævintýrin bíða þín.

Volkswagen

www.volkswagen.is

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

## Frá lögmæltum gerðardómi til sjálfstæðrar stjórnsýslunefndar

**Fyrir 1962** Kaup og kjör æðstu embættismanna ríkisins voru ákveðin með lögum.

**1962** Lög sett um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Samtímis var Kjaradómur settur á fót. Hlutverk hans var tvíþætt. Að ákveða kjarasamning þegar samningar náðust ekki og að ákveða laun þeirra sem ekki fengu samningsrétt.

**1973-90** Upphaflega heyrðu aðeins ráðherrar og hæstaréttardómarar undir dóminn. Á þessum árum fjölgaði mjög í þeim hópi, svo að sérstakri kjaranefnd var komið á fót.



**1992 26. júní** Kjaradómur ákvarðaði almenna hækkun. Hækkunin sem ákveðin var var nokkuð hærri en hækkunin sem fólst í þjóðarsáttinni frá mánuðinum áður.

**1992 3. júlí** Bráðabirgðalög gefin út af forseta sem greip inn í niðurstöðu Kjaradóms.

**1992** Fjögurra manna nefnd skilar frá sér frumvarpi um breytingu á Kjaradómi og kjaranefnd. Meðal nefndarmanna er Benedikt Jóhannesson nú formaður Viðreisnar. Frumvarpið varð að lögum.

**2003** Kjaradómur kveður upp ítarlegan úrskurð og ákveður launatöflur fyrir þá sem undir dóminn heyra.

**2005 19. desember** Kjaradómur ákveður 8 prósent almenna hækkun launa þeirra sem undir dóminn heyra. Skömmu áður náðust samningar á markaði sem hljóðuðu upp á 5 prósent hækkun að meðaltali. Halldór Ásgrímsson, forsætisráðherra, krafðist útskýringa á ákvörðun Kjaradóms.

**Í svari Kjaradóms segir;** „Kjaradómur átti tvo kosti og báða vonda. Annars vegar að fylgja lagafyrirmælum og færa launin að viðmiðunarmörkum sem Kjaradómur hafði sett en eiga von á óánægjuröddum [...] eða hins vegar að hækka launin aðeins um 2,5% og viðhalda launamun sem augljóslega var orðinn á launum viðmiðunarhópanna og launum samkvæmt úrskurðum Kjaradóms. Kjaradómur taldi sér skylt að lögum að taka fyrri kostinn.“ Þess var síðar krafist að ákvörðunin yrði endurskoðuð. Því var hafnað.



**2006 janúar** Úrskurður Kjaradóms felldur úr gildi með lögum.

**2006 júní** Ný lög um kjararáð samþykkt. Kjaradómur og kjaranefnd lögð niður. Þeim sem heyrðu undir dóminn var fækkað mjög. Á þessum tíma heyrðu rúmlega 800 undir dóminn og nefndina.

**2008 desember** Lagabreyting samþykkt sem fól kjararáði að lækka laun þeirra sem undir það heyrðu vegna hrunsins.

**2009 ágúst** Fleiri aðilar færðir undir ráðið. Í lagabreytingunni fólst að ráðið skyldi ekki ákveða neinum hærri laun en forsætisráðherra.

## Þrjú dómsmál

**Þrisvar sinnum hafa ákvarðanir kjararáðs, eða fyrirrennara þess, endað fyrir dómstólum.**

**1995** Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að bráðabirgðalögin árið 1992 stæðust stjórnarskrá. Tveir dómarar skiluðu sératkvæði.

**2006** Guðjón St. Marteinsson héraðsdómari taldi ólöglegt af Alþingi að lækka laun dómara með lögum í janúar það ár. Með því væri brotið gegn sjálfstæði dómstóla og þrígreiningu ríkisvalds. Héraðsdómur féllst á röksemd hans.

**2013** Hæstiréttur dæmdi í máli Más Guðmundssonar seðlabankastjóra. Laun hans höfðu áður verið ákveðin af bankaráði Seðlabankans . Ekki var fallist á að hann hefði átt rétt á óbreyttum launum út skipunartímann.

# Kjararáð ekki eina lausn þingmanna

**Sé litið til sögunnar og nágrannalanda er allur háttur á því hvernig laun þingmanna, dómara og annarra embættismanna eru ákveðin. Prófessor í lögfræði við HR segir mögulegt að skerpa betur á því til hvers kjararáð horfir þegar tekin er ákvörðun um launabreytingar.**

**KJARAMÁL** Ýmsar leiðir eru mögulegar við útfærslu á því hvernig laun æðstu embættismanna ríkisins skuli ákvörðuð. Þetta kemur fram í máli lagaprófessors við Háskólann í Reykjavík og dósents við Háskóla Íslands í sömu grein.

Kjararáð hækkaði þingfararkaup, laun ráðherra og forseta Íslands þann 29. október síðastliðinn. Mörgum hefur þótt hækkunin rífleg en þingfararkaupið hækkaði til að mynda um rúmar 350 þúsund krónur. Ýmsir þingmenn hafa viðrað þá skoðun sína að þeir vilji grípa inn í hækkunina en samfara því að endurskoða kerfið.

„Það væri mögulegt að skerpa betur á því til hvers kjararáð á að horfa við ákvarðanir sínar,“ segir Ragnhildur Helgadóttir, prófessor og forseti lagadeildar Háskólans í Reykjavík. „Ef fólk vill halda þessu kerfi þá væru minnstu breytingarnar sem svöruðu því sem verið að gagnrýna núna, að kveða skýrar á um til hvers skal litið og ef til vill láta taka ákvarðanir oftar.“

Kjaradómi, fyrirrennara kjararáðs, var komið á fót árið 1962. Í upphafi var hann lögmæltur gerðardómur sem komst að niðurstöðu í kjaradeilum opinberra starfsmanna við ríkið. Með lagabreytingu frá árinu 1992 var hann færður í þá mynd sem við þekkjum í dag, að vera sjálfstæð stjórnsýslunefnd með úrskurðarvald í þessum málum.

Það hefur hins vegar ekki alltaf verið svo að kjararáð, eða Kjaradómur, ákveði laun æðstu embættismanna. Í upphafi heyrðu aðeins hæstaréttardómarar og ráðherrar undir dóminn. Smám saman fjölgaði í þeim hópi. Þingfararkaupið var til að mynda ekki fært undir dóminn fyrr en árið 1980.

Sé litið til nágrannalanda okkar þá er þingfararkaupið í Noregi og Danmörku lögbundið og í Danmörku er bundið í stjórnarskrá að þingmanni sé skylt að taka við kaupinu. Í Svíþjóð og Finnlandi ákvarða óháðar nefndir laun þingmanna.

„Það er spurning hvort óháð nefnd eigi að ákveða laun þingmanna eða þeir sjálfir,“ segir Trausti Fannar Valsson, dósent við lagadeild Háskóla Íslands. Hann bendir á að sveitarstjórnir þurfi sjálfar að ákveða laun sín og bregði margar á það ráð að binda þau við þingfararkaup. „Hví ættu þingmenn ekki að geta tekið ákvörðun um laun sín með almennum lögum líkt og um önnur mikilvæg málefni í samfélaginu?“

Allur háttur er á því hvernig laun dómara eru ákveðin. Í Noregi eru laun hæstaréttardómara ákveðin árlega af þinginu og laun héraðsdómara af ráðherra. Sé litið til héraðsdóms í máli Guðjóns St. Marteinssonar gegn ríkinu er óvíst hvort það standist stjórnarskrá að þingmenn hlutist til um laun dómara.

johannoli@frettabladid.is

> **Hví ættu þingmenn ekki að geta tekið ákvörðun um laun sín með almennum lögum líkt og önnur mikilvæg mál í samfélaginu?**
>
> Trausti Fannar Valsson, dósent við lagadeild Háskóla Íslands



> **Það væri mögulegt að skerpa betur á því til hvers Kjararáð á að horfa við ákvarðanir sínar**
>
> Ragnhildur Helgadóttir, forseti lagadeildar HR





Frá fundi kjararáðs í desember 2008. Skömmu síðar samþykkti Alþingi lög sem fólu ráðinu að lækka laun þingmanna og ráðherra um fimm til fimmtán prósent. Aðrir, sem undir ráðið heyrðu, skyldu einnig lækkaðir í launum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


Tilboð vikunnar

14. - 18. nóvember

HAFIÐ 10 ára FISKVERSLUN



Jólahumarinn er á tilboði þessa vikuna

★ 8.900 kr. kg.

HAFIÐ FISKVERSLUN

Hlíðasmára 8 | Skipholti 70 | Spönginni 13
Sími 554 7200 | hafid@hafid.is | facebook




**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

## Afgreiddi ekki krabbameinslyf

**HEILBRIGÐISMÁL** Ítölsk yfirvöld hafa sektað lyfjafyrirtækið Aspen Pharmacare, sem er með bækistöðvar í S-Afríku, um nær 5,5 milljónir dollara. Lyfjafyrirtækið afgreiddi ekki lyf sem voru til á lager. Með því móti gat fyrirtækið hækkað verð lyfjanna um 1.500 prósent, eins og á lyfinu Alkaren og fleiri krabbameinslyfjum.

Á vefnum dagensmedisin.no segir að þar sem erfitt hafi verið að fá lyfið Alkaren hafi norsk sjúkrahús þurft að forgangsraða meðal sjúklinga með þeim afleiðingum að sumir hafi ekki fengið meðferð við krabbameininu sem þeir glíma við. – **ibs**

## Skoðaði skýrslu eftir skilnað

**PERSÓNUVERND** Læknir á Landspítalanum skoðaði í fjórgang sjúkraskýrslur fyrrverandi eiginkonu sinnar eftir skilnað þeirra. Að sögn eiginkonunnar hafði hún ítrekað tekið fram að hann mætti ekki skoða skýrslurnar.

Konan kvartaði til Persónuverndar sem tók málið til skoðunar. Í svari spítalans kemur fram að talið sé að ein uppflettingin hafi verið óheimil en hinar hafi átt sér eðlilegar skýringar. Í þrígang hafi umræddur læknir opnað skýrslurnar að beiðni konunnar en í eitt sinn af því að hann hafði áhyggjur af henni.

Konan segir hins vegar skilnaðinn hafa verið erfiðan og að maðurinn ætli að nota upplýsingarnar í annarlegum tilgangi. Læknirinn hlaut áminningu fyrir brot í starfi. - **jóe**

## Tattú er líka menning



Sýning á tattúum fór fram í VOKE menningarhúsinu í Debrecen, um 226 kílómetrum austur af Búdapest í Ungverjalandi í gær. Hér má sjá einn þátttakandann í sýningunni. Engar sögur fara af því hvernig viðtökur við listaverkunum voru. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Ekki jafn snarpir og skjálftarnir 2011

**Minnst tveir létust í gríðarsterkum jarðskjálfta á Nýja-Sjálandi í gær. Íslendingur búsettur á svæðinu þurfti að yfirgefa hús sitt vegna flóðbylgjuhættu. Hann segir skjálftana nú ekki jafn snarpa og mannskæðu skjálftana í febrúar 2011. Margir eftirskjálftar hafa fylgt í kjölfarið.**

**NÝJA-SJÁLAND** Gríðarsterkur jarðskjálfti, 7,8 að styrk, reið yfir Nýja-Sjáland í gær. Minnst tveir týndu lífinu í skjálftanum. Ekki er vitað um umfang skemmda á mannvirkjum í landinu að svo stöddu.

Skjálftinn reið yfir skömmu fyrir miðnætti að staðartíma. Upptök skjálftans voru á um fimmtán kílómetra dýpi skammt undan strönd suðureyjar Nýja-Sjálands. Eftirskjálftarnir hlaupa á tugum en þeir stærstu voru allt að 5,5 að styrk.

„Þetta var allt öðruvísi en skjálftarnir í febrúar 2011,“ segir Hjörtur Kristinsson, íbúi í Christchurch, en borgin er um hundrað kílómetra suður af upptökum skjálftans. Skjálftinn þá var 6,3 að styrk en 185 létust í kjölfar hans og á annað þúsund slasaðist.

„Nú hristist allt og skalf lengi. Þetta var eins og maður væri úti á rúmsjó. Hinir skjálftarnir voru mun snarpari.“

Eftir skjálftann var flóðbylgjuviðvörun gefin út og hús við strandlengjuna voru rýmd. Fyrstu viðvaranir almannavarna hljóðuðu upp á fimm metra háar öldur en þær stærstu reyndust vera á þriðja metra. Hjörtur var meðal þeirra sem þurftu að yfirgefa hús sitt.

„Svæðið var rýmt og það fær enginn að fara þangað inn. Lögreglumenn standa vaktina við alla innganga á svæðið og varna fólki að fara inn þar til flóðbylgjuhættan er liðin hjá. Það er háflóð núna svo það er beðið eftir því að það flæði út á ný,“ segir Hjörtur. Hann áætlar að um 20 þúsund manns við ströndina í Christchurch hafi þurft að yfirgefa heimili sín á meðan hættan líður hjá.

> **Nú hristist allt og skalf lengi. Þetta var eins og maður væri úti á rúmsjó**
>
> Hjörtur Kristinsson

Óttast er að bæirnir Waiau og Kaikoura, sem er vinsæll ferðamannastaður, og nærliggjandi svæði hafi orðið verst úti í skjálftanum. Erfitt er að komast að svæðinu þar sem vegir eru víða í sundur. Þegar Fréttablaðið fór í prentun voru herþyrlur á leið á svæðið með björgunarfólk og neyðarhjálpargögn.

johannoli@frettabladid.is




Flóðbylgjuviðvörun var gefin út fyrir stóran hluta eystri strandlengju Nýja-Sjálands. Bylgjurnar reyndust mun minni en óttast var í fyrstu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



# SÍÐASTI SÉNS!

# RISA TAX FREE DAGAR

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT* AF
**SNYRTIVÖRUM, BÓKUM, FATNAÐI,****
**BÚSÁHÖLDUM, JÓLASKRAUTI,**
**LEIKFÖNGUM OG RAFTÆKJUM**
DAGANA 10.-14. NÓVEMBER

*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,36% er alfarið á kostnað Hagkaups. ** Gildir ekki í F&F.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Tengibox og kaplar

Tengibox 1x32A-2x16-4x230 v
29.900

Tengibox 1x32A-1 x 16-4x230v
21.990

IP44 Tengibox með útsláttarrofum. 2 x 16amp 3 fasa, 2 x 32 amp 3 fasa 4 x 230V 16 amp
29.900

Rafmagnskefli Pro 25m H07RN-F 3G1,5mm
8.590

Fjöltengibox IP44 H07RN F3G1,5 1,5 m snúra
1.990

Kapalkefli 50mtr H05vv-F 3G1,5mm
8.990
25mtr H05vv-F 3G1,5mm 6.190
15mtr H05vv F3G1,5mm 4.190

Rafmagnssnúra 25m H05vv F3G1,5
5.490
Einnig 15m kr. 3.190
10 mtr kr. 2.590
25mtr IP44 H07RN F3G1,5 kr. 7.790

Kapalkefli 10m H05vv-F3G1,5mm
2.990

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

Klettháls 7, Reykjavík
Fuglavík 18, Reykjanesbæ

MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is



Vissir þú að...
Öll börn eiga rétt á samvistum við báða foreldra sína.
Barnaheill
Save the Children á Íslandi


# Ógagnsæi og þögn í söluferli eigna ríkisins

**Hörð gagnrýni er á sölu hlutar ríkisins í Klakka sem á lánafyrirtækið Lýsingu. Tekið á móti tilboðum í tölvupósti og efasemdir eru um jafnræði bjóðenda.**

**VIÐSKIPTI** Engin svör fást frá Lindarhvoli um gagnrýni á söluferli Lindarhvols á eignum ríkisins í Klakka sem á lánafyrirtækið Lýsingu. Á heimasíðu Lindarhvols birtist á föstudag tilkynning um að sölu væri lokið og félagið selt BLM fjárfestingum. BLM er í eigu vogunarsjóðsins Burlington Loan Management.

Veruleg óánægja er með framkvæmd sölunnar meðal umbjóðenda Kviku sem sendu tilboð í félagið. BLM höfðu áður reynt að kaupa hlutinn í Klakka á 428 milljónir króna í lok september. Félagið var auglýst til sölu og 14. október sendi Kvika tilboð fyrir hönd viðskiptavina sem hljóðaði upp á 501 milljón króna. BLM reyndist svo eiga tilboð upp á 505 milljónir króna í hlutinn. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins leikur grunur meðal annarra bjóðenda á að trúnaðargögnum hafi verið lekið.

Í útboðsreglum ríkisins er gert ráð fyrir að tilboð séu opnuð í viðurvist bjóðenda, en í tilviki sölunnar nú voru tilboð send í tölvupósti og því virðist ferlið ekki hafa tryggt jafnræði bjóðenda.

Steinar Þór Guðgeirsson lögmaður og Íslög sjá um daglegan rekstur Lindarhvols. Ekki er hægt að sjá á heimasíðu Lindarhvols að sú þjónusta hafi verið boðin út. Steinar er stjórnarmaður í Klakka, en forstjóri félagsins er Magnús Scheving Thorsteinsson en gagnrýnendur söluferlisins telja að hann hafi gert tilboðið fyrir hönd BLM sem er fyrir stærsti eigandi Klakka, þar sem hann er eini stjórnarmaður félagsins.



Þórallur Arason, stjórnaformaður Lindarhvols og skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu.



Steinar Þór Guðgeirsson lögmaður er rekstaraðili Lindarhvols og stjórnarmaður í Klakka.

Lindarhvoll ehf. er með samning við fjármálaráðuneytið um sölu ríkiseigna. Utanaðkomandi ráðgjafar hafa verið fengnir í önnur verkefni, en svo virðist ekki vera um sölu þessa hlutar. Á heimasíðu Lindarhvols er gefið upp símanúmer til að hringja í á skrifstofutíma. Ekki virðist svarað í þann síma. Þá hefur Fréttablaðið komið skilaboðum á stjórnarformann Lindarhvols, Þórhall Arason, skrifstofustjóra í fjármálaráðuneytinu, og Steinar Þór Guðgeirsson, en hvorugur hefur svarað skilaboðum.

Sigurður Valtýsson er framkvæmdastjóri félags í eigu Ágústs og Lýðs Guðmundssona sem Kvika gerði tilboð fyrir. Hann segir stjórnarhætti Lindarhvols fyrir neðan allar hellur. „Við teljum að þessi vinnubrögð séu brot á samningi Lindarhvols við fjármálaráðuneytið og ef ekkert verði að gert hljóti ábyrgðin á endanum að vera fjármálaráðherrans.“ **haflidi@frettabladid.is**




# TUNGAN OG NETIÐ

*Málræktarþing Íslenskrar málnefndar*
***15. nóvember 2016**, kl. 15.30–17*
*í fyrirlestrasal Þjóðminjasafns*

Dagskrá

**15.30** Setning og ávarp forseta Íslands

**15.35** Kynning á ályktun Íslenskrar málnefndar um stöðu íslenskrar tungu 2016

**15.40** Ari Páll Kristinsson: Málið punktur is! Fræðsla og leiðbeiningar um íslenskt mál á vef Árnastofnunar

**15.50** Aðalsteinn J. Magnússon og Ingólfur Kristjánsson: Nýir vegir – Stutt kynning á fjórum íslenskum vefsíðum

**16.00** Þórdís Gísladóttir: Bókablogg og niðurhal: hvernig netið auðgar íslenskuna

**16.10** Alec Shaw: Virkjun tungunnar: aðgengileg og sveigjanleg tæki

**16.20** Örn Hrafnkelsson: Netveitur Landsbókasafns: breytir stafrænn aðgangur einhverju?

**16.30** Viðurkenningar Íslenskrar málnefndar

**16.40** Kaffiveitingar

ÍSLENSKA ER OKKAR MÁL
ÍSLENSK MÁLNEFND

CITROËN

# HVAÐ Á C4 CACTUS SAMEIGINLEGT MEÐ KAKTUSUM?

CITROËN
C4
CACTUS

VERÐ FRÁ
**2.590.000 KR.**

**NOKIAN VETRARDEKK OG FRÍAR ÞJÓNUSTUSKOÐANIR Í TVÖ ÁR**
FYLGJA ÖLLUM C4 CACTUS
**Í NÓVEMBER***

NÝTTU TÆKIFÆRIÐ




INTERNATIONAL engine of the year awards 2015
Presented by engine technology international magazine

**Kaktusar** eru harðgerðir, lifa á nánast engu og verja sig á snjallan hátt. Það sama á við um Citroën C4 Cactus. Veldu hagnýta hönnun, sparneytni og lágan rekstrarkostnað. Ekkert prjál, einungis hlutir sem skipta máli í dag.

Citroën C4 Cactus er fáanlegur með BlueHdi dísilvél eða nýrri PureTech bensínvél sem nýverið hlaut eftirsótta titilinn vél ársins (International Engine of the Year). Báðar vélarnar sameina frábæra frammistöðu, lága eyðslu og litla koltvísýringslosun.

Citroën C4 Cactus hefur slegið í gegn um allan heim. Glæsilegur kaupauki fylgir með í nóvember. Tryggðu þér eintak.

*1 og 2 ára þjónustuskoðun skv. staðli Citroën er innifalinn með kaupum í nóvember.

**Komdu í reynsluakstur**

CRÉATIVE TECHNOLOGIE

citroen.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

# Milli Vanilli



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Nú er farið að glitta í ríkisstjórn, sem er hætt við að verði eilítið veikburða ef horft er til aðeins eins manns meirihluta á þingi, en ríkisstjórn engu að síður. Það er hins vegar áhyggjuefni, ef eitthvað má marka umræðuna á samfélagsmiðlum og reyndar um samfélagið sjálft, að það stefnir í að þriðji og minnsti flokkurinn í nýju ríkisstjórnarsamstarfi mæti til leiks með laskað bakland. En umtalsverður hluti kjósenda Bjartrar framtíðar virðist líta svo á, að með væntanlegu samstarfi við Sjálfstæðisflokkinn og allt að því samruna við Viðreisn sé full ástæða til þess að óttast um framtíð kerfisbreytinga til umbóta á íslensku samfélagi.

Þeir sem vonuðust eftir að Björt framtíð hallaðist til vinstri í stjórnarmyndunarviðræðum virðast hins vegar líta svo á sem flokkurinn hafi nú tekið sér stöðu sem Milli Vanilli íslenskra stjórnmála. Flokks sem syngur hvorki sjálfur sé skiptir sér af lagasmíðinni, heldur einbeitir sér að því að hafa bara útlitið í lagi og dansa með. Það er lítið pönk í því.

En kjósendur ættu þó ekki þurfa að undrast þessa þróun í ljósi þess að eina þrætuepli Bjartrar framtíðar og Viðreisnar fyrir kosningar virtist vera hvor flokkurinn ætti höfundarréttinn á stefnuskránni. Nánast strax eftir kosningar virtist það reyndar engu máli skipta þar sem forusta flokkanna hafði komið sér saman um lagaval, raddir og útgáfur. En að því slepptu hvort einhverjir kjósendur Bjartrar framtíðar upplifa sig kokkálaða í sambandi sínu við flokkinn þá er auðvitað langtum mikilvægara að horfa til fyrirætlana komandi ríkisstjórnar. Ekki veitir af því ærin eru verkefnin.

Íslenska heilbrigðiskerfið er svo gott sem í molum eftir gegndarlausan niðurskurð og þrengingar allt frá því löngu fyrir hrun. Það er greinilega ekkert grín að verða alvarlega veikur á Íslandi og hvað þá að verða gömul án aðstandenda til þess að sjá okkur fyrir fullnægjandi næringu og umönnun. Íslenskt menntakerfi hefur með sama hætti mátt þola stöðugan niðurskurð og þrengingar árum saman og allt frá leikskóla til háskóla. Meginstoð menntakerfisins, kennararnir sjálfir, búa við afleit kjör og ef heldur fram sem horfir má búast við atgervisflótta úr þeirri ágætu stétt. Sömu sögu má segja af lögreglunni sem hefur mátt búa við endalausan niðurskurð og fjársvelti þrátt fyrir að þurfa að sinna vandamálum sem hafa skapast af völdum gríðarlegrar aukningar ferðamanna á síðustu árum. Ferðamanna sem þurfa almennilega vegi til þess að geta ferðast tiltölulega hættulaust um landið svo ekki sé nú minnst á aðra almennilega þjónustu.

Auðvitað mætti tilgreina fjölmargt fleira sem er fyrir löngu orðið meira en aðkallandi í íslensku samfélagi, svo sem breytingar á kvótakerfinu, samningamál sjómanna, endurskoðun á landbúnaðarkerfinu, endurskoðun á fjármálakerfinu, upprætíng á spillingu og sérhagsmuna kunningjasamfélags og þúfnahyggju, eða með öðrum orðum, ástæðu þess að kosningum var flýtt. Stóra spurningin er því hvernig komandi stjórn ætlar að taka á öllum þessum málum sem á okkur brenna? Þjóðin bíður eftir framtíðinni.

> **Flokks sem syngur hvorki sjálfur sé skiptir sér af lagasmíðinni, heldur einbeitir sér að því að hafa bara útlitið í lagi og dansa með.**

## Halldór









## Frá degi til dags

**Brynjar og heimilið**

**Bryndís Hlöðversdóttir ríkissáttasemjari gerði vinnudeilur og félagsdóm að umfjöllunarefni í ávarpi sem hún hélt um nýtt kjarasamningslíkan á fundi BHM og fleiri aðila á föstudaginn. Sagði hún að 20 mál hefðu farið fyrir félagsdóm í fyrra og velti því fyrir sér hvort ekki væri hægt að leysa einhver málanna á skilvirkari hátt. Undir þetta tók þingmaðurinn Brynjar Níelsson. Skyldi engan undra enda á eiginkona hans, héraðsdómarinn Arnfríður Einarsdóttir, sæti í dómnum. Heimili þingmannsins hefur því hagsmuni af því að álag á félagsdóm minnki.**

**Ráðleggingar Jóhönnu**

**Jóhanna Sigurðardóttir, fyrrverandi formaður Samfylkingarinnar, sér ástæðu til að ráðleggja formanni Bjartrar framtíðar í tilefni af stjórnarmyndunarviðræðum CAD-stjórnarinnar. „Æ, æ Óttarr Proppé," segir Jóhanna. Segir hún að samstarf til vinstri sé betri kostur fyrir Bjarta framtíð. Einhverjum gætu þótt ráðleggingar Jóhönnu kaldhæðnislegar, eftir að hafa sjálf þegið ráðherrasæti í ríkisstjórnarsamstarfi Samfylkingarinnar með Sjálfstæðisflokknum á árunum 2007 til 2009 en að hafa síðan skilið eftir Samfylkinguna í rjúkandi rúst eftir fjögurra ára vinstri samstarf við VG á árunum 2009-2013.**

jonhakon@frettabladid.is

# Ekki horfa



Sigríður Víðis Jónsdóttir
kynningarstjóri og upplýsingafulltrúi UNICEF á Íslandi

Aleppo. Mosul. Jemen. Drukknuð börn í Miðjarðarhafinu. Það er föstudagur og þungt yfir mér. Ógnvænlegt ástand hefur verið að byggjast upp í norðurhluta Nígeríu og löndunum í kring. Vannærð börn eru í lífshættu. Fullt af þeim. Það óhugnanlega er að venjulega láta vannærð börn lífið af orsökum tengdum vannæringu, s.s. lungnabólgu, malaríu og niðurgangspestum. En nú er staðan svo slæm að sums staðar í Borno-héraði svelta þau til dauða.

Þótt hungursneyð hafi ekki enn verið formlega lýst yfir er hlutfall barna með alvarlega bráðavannæringu á pari við það sem sást í sumum héruðum í Sómalíu í hungursneyðinni árið 2011. Svo há tala sést nánast aldrei í heiminum. Hálf milljón barna í fjórum ríkjum er í lífshættu. Þetta er þögul neyð sem nánast enginn veit um. Ég fyllist vanmætti. Hvað á ég að gera með þetta, hver hefur heyrt um Borno?!

Allt í einu get ég ekki meira af óhugnanlegum myndum af börnum sem þjást. Hristi mig svo til. Ef við gætum veitt öllum þeim börnum í Borno sem þjást af vannæringu meðferð væri hægt að bjarga meira en 99 prósentum þeirra. Það er rosalegt.

**Myndir á Facebook**

Þess vegna viljum við hjá UNICEF á Íslandi núna segja þetta: Ekki horfa ... hjálpaðu. Við sýnum því skilning að margir eru orðnir ónæmir fyrir hörmungum í fréttum og á samfélagsmiðlum. Það þarf ekki að horfa á myndir á Facebook af illa höldnum vannærðum börnum til að veita hjálp. Það er líka hægt að treysta hjálparsamtökum eins og UNICEF til að gera allt sem þau geta til að bjarga lífi barnanna. UNICEF vinnur dag og nótt í Sýrlandi og í yfir 190 öðrum löndum við að hjálpa börnum.

Í dag hefjum við neyðarsöfnun vegna barna í Nígeríu og nágrannaríkjunum. Fyrir sms-ið BARN í númerið 1900 er til dæmis hægt að útvega barni meðferð gegn vannæringu í heila viku. Þú þarft ekki að horfa en þú getur hjálpað.

> **Ég fyllist vanmætti. Hvað á ég að gera með þetta, hver hefur heyrt um Borno?**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.
Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Sara McMahon *sara@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Ljóðin sem lækna

Í DAG



Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur

Heimurinn þarf meira á ljóðum að halda en nokkru sinni og því er missirinn þeim mun sárari þegar féllu frá á dögunum tvö mikilvæg skáld: Ingibjörg Haraldsdóttir og Leonard Cohen.

Ólíkt fólk og ólík lífshlaup – en þau áttu bæði þessa rödd. Þegar maður hugsar til þeirra heyrir maður strax fyrir sér rödd. Þau voru bæði lágmælt en geðrík, miðluðu sterkum tilfinningum af yfirlætislausri rómfegurð.

Ég heyrði fyrst í Leonard Cohen þegar ég var þrettán ára. Bróðir minn keypti plötuna Songs from a Room og allt í einu bættist inn í hljóðheim Karfavogsins einkennilega plokkaður gítarleikur og reikul júðaharpa – og þessi drungalega rödd, eintóna, svolítið ólundarleg, viðkvæm en innileg. Lögin sár og falleg, full af óumræðilegri þrá og sorg yfir hlutskipti mannanna eins og tregasöngurinn um hana Nancy eða lífssöngur Cohens og allra söngvaskálda: Bird on the Wire.

### Slökkt á kerti

Bróðir minn hafði nokkrum árum fyrr kynnt mig fyrir Dylan þegar hann keypti plötuna Time they are a-changin og hann heldur því fram að Cohen hafi verið betra skáld en Dylan – hann segir að Cohen hafi verið Jónas en Dylan Sigurður Breiðfjörð. Það er ekki slæm kenning, enda var Sigurður Breiðfjörð hroðvirkt stórskáld en Jónas lærður og fágaður. Cohen skrifaði hins vegar aldrei niðursallandi dóm um Tristrans rímur og Indíönu eftir Dylan; öðru nær: gagnkvæm virðing einkenndi samskipti þessara tveggja rámu gyðinga með mikil nef.

Maður fylgdist með Cohen gegnum tíðina, fór á ógleymanlega tónleika hans í Laugardalshöll sem ætluðu engan enda að taka því aukalög fylgdu aukalögum – og sá þar hljóðan mann, hógværan, mildan og örlátan, sem deildi glaður með okkur töfrunum sem hann hafði öðlast vald á með markvissri og alvörugefinni ástundun þeirrar listar sem hann var útvalinn til að sinna. Svo fór maður að heyra alls konar fólk syngja með trúarklökkva og djúpri tilbeiðslu lagið hans Hallelujah, eins og það sé hvítasunnusafnaðar-sálmur en ekki myrkur söngur um valdaleiki eins og þeir birtast okkur í kynlífi og trúarlífi með vísunum í sögur Biblíunnar af hórdómi Davíðs og hárklippingum Delílu á Samsoni. Cohen var kominn af trúræknum gyðingum en fékk sjálfur trúarþörf sinni fullnægt með því að valsa um í ýmsum trúarkerfum, eins og sjálfsagt er að gera, ekki síst lagði hann sig eftir Zen-búddisma. Samt var eins og hann losnaði aldrei við Guð bernsku sinnar, sem birtist í textum Cohens sem hinn dyntótti og eiginlega galni Jahve gamla testamentisins – „you don't really care for music, do you?“ syngur hann í Hallelujah um þessa persónu, sem kemur oft fram í þessum textum eins og sjálfur óvinurinn, húmorlaus valdafígúra sem menn reyna stundum að blíðka eða fá til að taka sönsum, en hann heimtar fórnir og vill brenna heiminn; „You wan't it darker“ söng Cohen í síðasta söng sínum um þessa fígúru og bætir við: „we killed the flame“.

### Kveikt á kerti

Það er dimmt í heimi hér í ljóðum Cohens. Hjá Ingibjörgu Haraldsdóttur finnst manni þetta líka oft: hún yrkir stundum um reykvíska súldina, rokið og grámann og hversu erfitt getur verið að komast í gegnum daginn. Hún yrkir um vonbrigðin, drauma sem rættust ekki, einsemd og sorgir. Hún færir það í orð hvernig okkur líður stundum, gerir það af nákvæmni og hispursleysi og að því er virðist án tilfinningasemi. Í síðustu bók sinni frá 2002, Hvar sem ég verð, einhverri mögnuðustu ljóðabók seinni ára yrkir hún um nákalda þögn og nístandi nepju og hversu fráleitt það er að eiga sér draum í febrúar, aleinan hest í útjaðri þorps og rautt hjarta á miðjum veginum – um húmið sem er „þessi kyrra mjúka dýpt / andartaksins // áður en myrkrið skellur á“ og um skáldkonu sem hvarf og varð ef til vill hvíslandi lind eða smáfugl á grein og ef til vill „að ljóði úti í skógi“ ...

En þarna eru líka ljóð um „söngfuglasumar“ og iðandi líf sem sprettur úr „moldinni dimmu“. Hún yrkir um þrána eftir því að geta „gefið þér /ljóðin sem lækna“ og í upphafi – þegar kvödd er önnur skáldkona sem hvarf alltof snemma, Nína Björk, er þrátt fyrir allt „engill til verndar“, þó að vísu vanti á hann „annan vænginn/ og höndin sem blessar / vegfarandann / er brotin“. Og þar setur hún, sem á engan guð sjálf, traust sitt á að sá guð sem Nína trúði á taki mark á kertinu sem hún hefur kveikt á ...

Við kveikjum á kerti í minningu Ingibjargar Haraldsdóttur og lesum ljóðin hennar. Við þurfum ljós og ljóð, meira en nokkru sinni.

# Við getum – ég get



Sigríður Zoëga
sérfræðingur í hjúkrun sjúklinga með verki á Landspítala og lektor við hjúkrunarfræðideild HÍ



Nanna Friðriksdóttir
sérfræðingur í hjúkrun sjúklinga með krabbamein, klínískur lektor á lyflækningasviði LSH, aðjunkt við hjúkrunarfræðideild HÍ

Alþjóðlegur dagur gegn krabbameini er haldinn árlega 4. febrúar. Alþjóðasamtökin gegn krabbameini (UICC) skora nú á þjóðir heims að taka þátt í að vekja athygli á baráttunni gegn krabbameini undir slagorðunum VIÐ GETUM – ÉG GET. Fagdeild krabbameinshjúkrunarfræðinga á Íslandi fagnar í ár 20 ára afmæli sínu og ritar í tilefni þess, í samvinnu við Krabbameinsfélag Íslands, röð greina undir heitinu VIÐ GETUM – ÉG GET.

Árlega greinast um 1.500 einstaklingar með krabbamein á Íslandi og um 70 prósent þeirra mega búast við að vera á lífi fimm árum eftir greiningu. Nú eru tæp fjögur prósent þjóðarinnar, eða rúmlega 13 þúsund manns, á lífi sem hafa fengið krabbamein. Gert er ráð fyrir að í kringum árið 2030 muni um 2.000 manns greinast árlega hér á landi, fyrst og fremst vegna hækkandi aldurs og fjölgunar íbúa. Þá mun þeim einnig fjölga sem lifa lengur eftir greiningu krabbameins vegna framfara í forvörnum, greiningu og meðferð. Þessi sístækkandi hópur kallar á öflugt heilbrigðiskerfi með vel menntuðu heilbrigðisstarfsfólki sem er í stakk búið til þess mæta þörfum samfélagsins. Fólk þarf að hafa greiðan aðgang að öflugum forvörnum, greiningu, meðferð og endurhæfingu á öllum stigum sjúkdómsins, og langtíma eftirliti. Öflugt rannsóknarstarf leggur grunninn að frekari þróun og bættri meðferð og þjónustu við sjúklinga og fjölskyldur þeirra.

Þjónusta við krabbameinssjúklinga byggir á aðkomu og samvinnu margra fagstétta, en á heimsvísu eru hjúkrunarfræðingar stærsti hópur heilbrigðisstarfsmanna. Hlutverk krabbameinshjúkrunarfræðinga er að veita árangursríka og örugga hjúkrun sem er byggð á heildrænni sýn og faglegum vinnubrögðum. Krabbameinshjúkrun miðar að því að mæta þörfum og væntingum sjúklings og aðstandenda á öllum þjónustustigum, sinna kennslu, þjálfun og ráðgjöf, og vinna að rannsóknum og notkun á vísindalegri þekkingu í klínísku starfi.

Nútíma heilbrigðisþjónusta grundvallast á bestu fyrirliggjandi þekkingu hverju sinni. Stöðugt þarf að spyrja hvort þjónustan sé veitt á forsendum sjúklings og aðstandenda hans, sé árangursrík og skapi virði fyrir sjúklinginn og samfélagið í heild. Markmið rannsókna í krabbameinshjúkrun eru að:

- Efla forvarnir gegn krabbameini
- Bæta lífsgæði og líðan krabbameinssjúklinga og aðstandenda þeirra
- Bæta þjónustu við sjúklinga og aðstandendur
- Stuðla að aukinni þekkingu og faglegri þróun krabbameinshjúkrunarfræðinga
- Hagnýta vísindalega þekkingu til að efla starfshætti krabbameinshjúkrunarfræðinga

### Auka þarf fjárframlög

Viðfangsefni rannsókna íslenskra krabbameinshjúkrunarfræðinga eru fjölbreytt. Á undanförnum árum hafa rannsóknir þeirra meðal annars fjallað um lífsgæði, líðan og þarfir sjúklinga og aðstandenda þeirra. Einnig hafa verið gerðar rannsóknir á einkennum og aukaverkunum sjúkdómsins og meðferð. Niðurstöður þessara rannsókna hafa verið nýttar til að þróa og bæta þjónustu við sjúklinga og aðstandendur á mismunandi þjónustustigum.

Til að stuðla að auknum rannsóknum er mikilvægt að þróa enn frekar nám í krabbameinshjúkrun en jafnframt er þörf á auknu fjárframlagi til rannsókna. Efla þarf samstarf ólíkra fagstétta um rannsóknir þar sem áhersla er á að mæta þörfum samfélagsins, sjúklinga og aðstandenda á sem víðtækastan hátt. Til að tryggja að verið sé að mæta þörfum sjúklinga og aðstandenda er mikilvægt að þeir hafi beina aðkomu að rannsóknarferlinu, allt frá rannsóknarhugmynd að nýtingu niðurstaðna.

ÉG GET sem einstaklingur stutt við og tekið þátt í krabbameinsrannsóknum.

VIÐ GETUM sem samfélag lagt áherslu á að krabbameinsrannsóknir séu stundaðar og niðurstöður þeirra nýttar til að efla forvarnir og bæta meðferð og þjónustu.

**Nútíma heilbrigðisþjónusta grundvallast á bestu fyrirliggjandi þekkingu hverju sinni. Stöðugt þarf að spyrja hvort þjónustan sé veitt á forsendum sjúklings og aðstandenda hans, sé árangursrík og skapi virði fyrir sjúklinginn og samfélagið í heild.**




Ný sending
af hinum þekktu TASKI gólfþvottavélum
hagstætt verð



• Úrval hágæða gólfþvottavéla
• Traust viðgerða- og varahlutaþjónusta
ATARNA
TANDUR
Sími 510 1200 / tandur.is

# Alþingi rænir af mér 50.000 krónum á mánuði



**Eggert Briem**
stærðfræðingur og ellilífeyrisþegi

Rétt fyrir þinglok samþykkti Alþingi að fella niður lágmarksellilífeyri allra ellilífeyrisþega sem hafa tekjur úr lífeyrissjóðum, og annars staðar frá, umfram 470.000 kr. á mánuði. Þetta á að gerast frá og með næstu áramótum. Það sem sparast á að nota til að hækka lífeyri þeirra sem minnst hafa. Ég er auðvitað ekki á móti því að þeir sem minnst hafa fái meira í sinn hlut. Ég vil bara ekki vera einn um að bæta kjör þeirra.

Ástæða þess að ég fæ 50.000 kr. á mánuði en ekki 40.000 kr. (sem er lágmarkið) er sú að ég sótti ekki um ellilífeyri fyrr en ég hætti störfum þegar ég varð sjötugur. Ég hef að sjálfsögðu, eins og líklega flestir í mínum sporum, reiknað með þessum ellilífeyri í mínum áætlunum fyrir framtíðina.

Hvað myndi vera sagt ef Alþingi hefði samþykkt að allir krabbameinssjúklingar með tekjur umfram 470.000 kr. á mánuði skuli borga sína meðferð sjálfir til að þeir sem minna hafa borgi ekki neitt? Eða að hjúkrunarfræðingar skuli lækka um 40.000 kr. á mánuði til að hækka megi ræstingafólk á lægstu töxtum?

Tölur um úrslit kosninga sýna að helmingur þingmanna situr því miður áfram á þingi. Vonandi geta nýir þingmenn komið vitinu fyrir þennan helming. En kannski slást þeir bara í hóp með hinum og nota ellilífeyri minn og annarra til að borga 350.000 króna mánaðarhækkun þingfararkaups.

# Nýtt einkunnakerfi og einkunnabólga



**Björn Guðmundsson**
framhaldsskólakennari

Nýlega barst mér bæklingurinn Nýir tímar frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Þar er m.a. fjallað um nýtt einkunnakerfi í bókstöfum fyrir grunnskóla. Haft eftir Gylfa J. Gylfasyni að bókstafakvarðinn auki gegnsæi og gæði við einkunnagjöf og að hugtakið „einkunnaverðbólga“ gæti heyrt sögunni til. Tölur sýna að í grunnskólum hafi átt sér stað veruleg einkunnabólga undanfarin ár. Á árunum 2005-2010 fengu 24-27% nemenda 9 eða 10 í íslensku, 34-36% árið 2014 og 39% árið 2015. Þetta myndi ég kalla óðaeinkunnabólgu.

Fyrir fáeinum árum ritaði ég greinina „Einkunnabólga; orsakir og afleiðingar“. Þar kemur fram að einkunnabólga stafar fyrst og fremst af auknum þrýstingi á kennara úr ýmsum áttum. Þetta er vandamál víða, þ. á m. í kröfuhörðustu háskólum USA. Þar hófst einkunnabólga um 1960 en jókst verulega eftir 1980 og hefur verið tengd við kennslukannanir og markaðsvæðingu menntunar af Stuart Rojstaczer, fyrrverandi prófessor við Duke-háskólann, sem heldur úti vefsíðunni gradeinflation.com. Hann segir í lauslegri þýðingu:

„Um 1980 urðu kennslukannanir algengar og skólagjöld hækkuðu umfram tekjur fólks. Farið var að líta á nemendur (og foreldra þeirra) sem viðskiptavini og þeir hafa alltaf rétt fyrir sér. Vilji þeir háar einkunnir fá þeir þær. Þrýst er á kennara af nemendum, foreldrum og skólastjórnum, þeir slaka á námskröfum og gefa hærri einkunnir til að hafa alla ánægða.“

Valerie Strauss skrifaði grein í Washington Post um einkunnabólgu og skaðann sem af henni hlýst. Starfsmenn háskóla segja fleiri og fleiri háskólanema ofverndaða og ofdekraða og aldrei hafa fengið að hrufla sig á hnjánum eins og það er orðað. Í uppeldinu og á neðri skólastigum upplifa þau eintómt hrós og kunna því ekki að taka gagnrýni. Þessi ungmenni búast við verðlaunum eða a.m.k. hrósi fyrir allt sem þau gera. Þetta minnir óneitanlega á orð Guðrúnar Geirsdóttur í HÍ þegar hún segir að nemendur vilji gera sem minnst sjálfir en krefjist mikils af kennurum, lesi ekki kennslubækurnar en krefjist hárra einkunna. Halldóra S. Sigurðardóttir, kennari í MH, tekur í svipaðan streng í grein sem nefnist „Ég ætla að fá stúdentspróf!“ (með sem minnstri fyrirhöfn). Að mati Strauss er einkunnabólga að rýra gæði menntunar.

**Talnakvarðinn ekki vandamál**

Nýr einkunnakvarði fyrir íslenska grunnskóla mun ekki útrýma einkunnabólgu því að talnakvarðinn er ekki vandamál sem slíkur. Skv. matsviðmiðum aðalnámskrár í íslensku fær nemandi C ef hann sýnir sæmilega hæfni, B fyrir góða hæfni og A fyrir framúrskarandi hæfni. Þetta er tíundað nánar og útskýrt með orðunum sæmilegt, gott, mjög gott og öðrum álíka. Slík orð hafa mismunandi merkingu í hugum mismunandi kennara og bókstafakvarðinn því engu betri en talnakvarði.

Í mörgum bandarískum háskólum eru einkunnir gefnar í bókstöfum. A er excellent, B er good, C er acceptable og þetta er útlistað nánar sem hæfniviðmið. Ekki hefur þetta kerfi komið í veg fyrir einkunnabólgu. Árið 1971 voru einkunnirnar A- og A 7% einkunna í bandarískum háskólum en eru nú 41%. Tilhneiging kennara til að gefa nemendum sífellt hærri einkunnir ræðst ekki af einkunnakvarða heldur af síauknum þrýstingi frá nemendum, foreldrum, skólastjórnendum og yfirvöldum. Líklegast er að smám saman muni hærra hlutfall íslenskra grunnskólanema fá A frekar en B og B frekar en C. Einkunnabólga felur í sér að nemendur eru sviknir um sanngjarnt mat á eigin frammistöðu og gæði námsins rýrna. Ósanngjarn þrýstingur á kennara misbýður réttlætiskennd þeirra og gerir kennarastarfið óaðlaðandi. Einkunnabólga er skaðleg, en hún verður ekki læknuð með því að gefa einkunnir í bókstöfum.

> **Ósanngjarn þrýstingur á kennara misbýður réttlætiskennd þeirra og gerir kennarastarfið óaðlaðandi. Einkunnabólga er skaðleg, en hún verður ekki læknuð með því að gefa einkunnir í bókstöfum.**





INTERSPORT AKUREYRI / SÍMI 460 4891 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.
INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA / SÍMI 585 7220 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 11 - 18. SUN. 13 - 17.
INTERSPORT SELFOSSI / SÍMI 480 4611 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.

SPORT TO THE PEOPLE

INTERSPORT®

## Modric enn þá kóngurinn á Maksimir




**Breytti leiknum** Luka Modric, leikmaður Real Madrid, byrjaði á varamannabekknum hjá Króatíu á laugardaginn en það skipti miklu máli fyrir króatíska liðið að fá sína stærstu stjörnu inn á völlinn í seinni hálfleik. Íslenska liðið komst varla í boltann eftir að Modric fór að stýra miðju Króata. Hér þakkar hann Gylfa Þór Sigurðssyni fyrir leikinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Innkoma Modric í leikinn var lykilskipting hjá Króötunum

**Heimir Hallgrímsson, landsliðsþjálfari, var nokkuð ánægður með leik íslenska liðsins þrátt fyrir tap í Króatíu. Færin voru til staðar í fyrri hálfleik. Hann segir að þetta hafi ekki verið besti leikur íslenska liðsins.**

FIFA WORLD CUP RUSSIA 2018



Henry Birgir Gunnarsson
henry@frettabladid.is

**FÓTBOLTI** Eyjamaðurinn og landsliðsþjálfarinn Heimir Hallgrímsson reynir oftar en ekki að líta á björtu hliðarnar og það var vissulega margt jákvætt í leik íslenska liðsins á Maksimir-vellinum þó svo liðið hafi gengið þaðan út stigalaust.

„Mér fannst vera færi á að vinna Króatana í kvöld. Þeir hafa oft spilað betur en í dag. Það segir eitthvað um völlinn líka. Þó svo þetta hafi ekki verið þeirra dagur þá voru þeir engu að síður mjög erfiðir,“ sagði Heimir skömmu eftir leik en hans lið mætti geysilega vel stemmt til leiksins og þjarmaði að Króötum í upphafi.

„Við ætluðum alltaf að byrja sterkt og sýna þeim enga miskunn. Mér fannst fyrri hálfleikurinn vera finn en við fengum á okkur óþarfa mark. Flest mörk eru reyndar þannig. Við vorum þokkalega sáttir með okkur í hálfleik. Þeir voru óþægilegir í síðari hálfleik. Fóru að halda boltanum mjög vel. Þetta voru mikil hlaup hjá okkur en hróss til strákanna fyrir að halda okkur inn í leiknum alveg fram á 90. mínútu. Þá vorum við farnir svolítið langt fram og endum með að tapa 2-0 sem er auðvitað ekki gott. Við urðum samt að taka áhættu.“

### Allt breyttist í síðari hálfleik

Íslenska liðið átti í fullu tré og rúmlega við Króatana í fyrri hálfleik og var aðeins minna með boltann. Það breyttist þó allt í síðari hálfleik er Luka Modric kom inn á miðju Króata og tók við stjórn leiksins.

Guðrún Ósk Maríasdóttir og félagar hennar í Framliðinu eru komnar með fjögurra stiga forskot á toppi Olís-deildar kvenna í handbolta eftir sannfærandi fimm marka sigur á útivelli í toppslagnum á móti Stjörnunni um helgina, 27-22. Stjarnan hefði komist á toppinn með sigri en Framliðið komst í 5-0 í upphafi leiks og Stjörnukonur fundu lengst af fáar leiðir fram hjá Guðrúnu Ósk Maríasdóttur sem var frábær í markinu.
„Þetta var mjög mikilvægt fyrir okkur,“ sagði Guðrún Ósk Maríasdóttir eftir leikinn. Hún varði 21 skot í leiknum þar af þrjú vítaköst. Það vakti athygli að Guðrún fékk samt reiðilestur frá þjálfaranum seint í leiknum þrátt fyrir að vera búin að verja eins og berserkur allan tímann.
„Við vorum búin að leggja upp með nokkra hluti sem ég klikkaði á. Maður á að taka ákveðna skyldubolta og þegar maður gerir það ekki þá verður hann reiður,“ sagði Guðrún sem gat brosað að því eftir leik. Það stefnir samt í allt annað og betra tímabil hjá Fram en í fyrra og þar er góð markvarsla Guðrúnar að hjálpa til. „Þetta er mjög skemmtilegt,“ sagði Guðrún.
Stjörnukonur náðu ekki að stoppa sigurgöngu Fram en er deildarmeistaratitilinn á leiðinni í Safamýrina?
„Mótið er ekki einu sinni hálfnað svo ég ætla ekki að skrifa deildarmeistaratitilinn á þær,“ sagði Rakel Dögg Bragadóttir en Stjörnukonum tókst aldrei að vinna upp fimm marka forgjöf Framliðsins í byrjun.
„Þær eru á toppnum núna og verðskulda það eftir þessa byrjun í haust. Þetta er langt mót og sterk lið í deildinni þannig að þær geta ekkert slakað á, við getum ekkert slakað á og ætlum að halda áfram að anda ofan í hálsmálið á þeim,“ sagði Rakel Dögg Bragadóttir eftir leikinn. **- óój**





**Íslensku landsliðsbakverðirnir Martin Hermannsson og Ægir Þór Steinarsson tryggðu báðir liðum sínum sigur á síðustu sekúndunni.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# ÍSKALDIR Á ÚRSLITASTUNDU

Tveir íslenskir körfuboltamenn skoruðu sigurkörfu liða sinna á síðustu sekúndum leikja þeirra um helgina. Þetta eru landsliðsmennirnir Martin Hermannsson og Ægir Þór Steinarsson sem voru báðir ískaldir á úrslitastundu og sáu til þess að liðin þeirra lönduðu mikilvægum sigrum á heimavelli.
Martin Hermannsson skoraði sigurkörfu Charleville-Mézières með sínu netta „flotskoti“ sekúndu fyrir leikslok þegar liðið vann Boulazac 85-83. Martin var með 18 stig og 8 stoðsendingar í leiknum og Charleville-Mézières hefur nú unnið fjóra af fyrstu fimm leikjum tímabilsins. Martin fékk boltann þegar um tólf sekúndur voru eftir, hringsneri varnarmanninum í kringum sig áður en hann skaut boltanum af mikilli yfirvegun í körfuna. Sigurinn skilar Martin og félögum upp í annað sæti frönsku b-deildarinnar.
Ægir Þór Steinarsson skildi pínulítið meira eftir á klukkunni þegar Burgos vann 69-67 sigur á Marin en sigurkarfa Ægis kom 1,9 sekúndum fyrir leikslok. Ægir Þór var með 4 stig og 4 stoðsendingar í leiknum en sigurkarfan var eina tveggja stiga karfan hans þetta kvöld. Ægir réðst á körfuna á hárréttum tíma og tókst að skora við mikinn fögnuð liðsfélaga sína. Burgos-liðið er í 8. sæti spænsku b-deildarinnar en þetta var fjórði heimasigur liðsins í röð. Glæsilegt hjá þeim báðum. **-óój**

# ALLT UNDIR Í LOKAKEPPNINNI

Lewis Hamilton vann þriðja formúlukappaksturinn í röð í Sao Paulo í Brasilíu í gær og sá til þess að lokakeppnin í Abú Dabí eftir tvær vikur mun skera úr um hvort Hamilton eða liðsfélagi hans hjá Mercedes, Nico Rosberg, verði heimsmeistari í formúlu eitt árið 2016.
Rosberg, sem hefði getað orðið heimsmeistari í Brasilíu, varð annar eins og í síðustu tveimur keppnum en Max Verstappen varð þriðji eftir ótrúlegan akstur á Red Bull bílnum.
„Það boðar vanalega gott fyrir mig þegar það rignir. Engin mistök í dag og engin dramatík. Ég vil þakka liðinu mínu því við erum að skrifa söguna saman í ár,“ sagði Hamilton.
Það rigndi gríðarlega í Brasilíu og bleytan setti mikinn svip á keppnina. Ræsingunni seinkaði og keppnin var líka stöðvuð í tvígang af öryggisástæðunum. Í fyrra skiptið kom ekkert nema lukkan í veg fyrir að Kimi Raikkonen lenti í hryllilegum árekstri þegar bílinn hans rann í veg fyrir aðra bíla en slapp samt.
Nico Rosberg var með 33 stiga forskot þegar fjórar keppnir voru eftir en nú munar aðeins 12 stigum á honum og Lewis Hamilton.
Hamilton hefur unnið í Bandaríkjunum, Mexíkó og Brasilíu en í öllum keppnunum hefur Rosberg tekið annað sætið. Mercedes er fyrir löngu búið að vinna keppni bílaframleiðenda enda hafa þeir Hamilton og Rosberg unnið saman 18 af 20 keppnum ársins.
„Þetta féll ekki með mér í dag og Lewis stóð sig mjög vel. Þetta voru mjög erfiðar aðstæður en ég sætti mig alveg við annað sætið,“ sagði Nico Rosberg, Honum nægir að ná öðru sætinu í lokakeppninni til að tryggja sér titilinn. **– óój**



**Lewis Hamilton ökumaður Mercedes.**

## Nýjast

### Dominos-deild kvenna

**Valur - Haukar 74-72**
**Stigahæstar**: Mia Loyd 34/16 frák./3 varin, Dagbjört Dögg Karlsdóttir 22/5 stolnir, Guðbjörg Sverrisdóttir 9/7 fráköst - Michelle Mitchell 33/19 frák., Sólrún Inga Gísladóttir 14/5 stoðs., Dýrfinna Arnardóttir 13.

**Keflavík - Grindavík 84-66**
**Stigahæstar**: Dominique Hudson 30/8 frák./6 stoðs., Thelma Dís Ágústsdóttir 18, Birna Valgerður Benónýsdóttir 14, Emelía Ósk Gunnarsdóttir 8 - Ashley Grimes 20/10 frák./9 stoðs., María Ben Erlingsdóttir 14, Petrúnella Skúladóttir 11.

**Skallagr. - Stjarnan 75-63**
**Stigahæstar**: Tavelyn Tillman 35/8 frák./5 stoðs., Ragnheiður Benónísdóttir 8/9 frák., Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 8/8 frák./5 stoðs. - Danielle Rodriguez 17/10 frá./5 stoðs., Bríet Sif Hinriksdóttir 16, Bryndís Hanna Hreinsdóttir 12.

**Njarðvík - Snæfell 38-69**
**Stigahæstar**: Björk Gunnarsdótir 12, María Jónsdóttir 10/10 frák. - Aaryn Ellenberg-Wiley 20/12 frák./9 stoðs., Berglind Gunnarsdóttir 12, Pálína María Gunnlaugsdóttir 9/8 frák., Anna Soffía Lárusd. 6, Sara Diljá Sigurðard.6, Bryndís Guðmundsd. 6.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Snæfell | 14 | Stjarnan | 8 |
| Keflavík | 14 | Haukar | 6 |
| Skallagrímur | 12 | Valur | 6 |
| Njarðvík | 8 | Grindavík | 4 |

### Olísdeild kvenna

**ÍBV - Valur 28-23**
**Markahæstar (Skot)**: Ester Óskarsdóttir 11 (17), Ásta Björt Júlíusdóttir 7/7 (7/7), Sandra Erlingsdóttir 3 (4/1), Guðbjörg Guðmannsdóttir 3 (5) - Diana Satkauskaite 7/3 (11/3), Díana Dögg Magnúsdóttir 4 (6), Gerður Arinbjarnar 3 (4), Morgan Marie Þorkelsdóttir 3 (6). **Varin skot:** Guðný Jenný Ásmundsdóttir 20/1 (43/4, 47%) - Ástrós Anna Bender 9/1 (33/8, 27%).

**Stjarnan - Fram 22-27**
**Markahæstar (Skot)**: Helena Rut Örvarsdóttir 6 (14), Hanna Guðrún Stefánsdóttir 4/2 (7/4), Rakel Dögg Bragadóttir 4/1 (10/2), Elena Elísabet Birgisdóttir 3 (3) - Sigurbjörg Jóhannsdóttir 5/2 (6/2), Ragnheiður Júlíusdóttir 5 (18), Hekla Rún Ámundadóttir 4 (6), Hildur Þorgeirsdóttir 4 (7), Steinunn Björnsdóttir 3 (4), Hulda Dagsdóttir 3 (5). **Varin skot:** Heiða Ingólfsdóttir 8 (28/2, 29%), Hafdís Lilja Torfadóttir 6 (13, 46%) - Guðrún Ósk Maríasdóttir 21/3 (43/6, 49%).

**Haukar - Fylkir 25-20**
**Markahæstar**: Ramune Pekarskyte 10, Elín Anna Baldursdóttir 4, Maria Ines Da Silva Pereira 4, Sigrún Jóhannsdóttir 3- Thea Imani Sturludóttir 7, Hildur Björnsdóttir 4, Christine Rishaug 3, Þórunn Friðriksdóttir 3,

**Selfoss - Grótta 25-30**
**Markahæstar**: Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir 12, Perla Ruth Albertsdóttir 3, Dijana Radojevic 3, Adina Maria Ghidoarca 3, Carmen Palamariu 3 - Lovísa Thompson 10, Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 6, Sunna María Einarsdóttir 5, Anna Katrín Stefánsd. 3.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Fram | 17 | ÍBV | 8 |
| Stjarnan | 13 | Grótta | 6 |
| Haukar | 12 | Selfoss | 4 |
| Valur | 10 | Fylkir | 2 |

### Olísdeild karla

**Haukar - Afturelding 17-35**
**Markahæstir**: Árni Bragi Eyjólfsson 4/1 (11/2), Elvar Ásgeirsson 4 (15) - Guðmundur Árni Ólafsson 6/1 (9/2), Janus Daði Smárason 6 (10), Jón Þorbjörn Jóhannsson 5 (6), Heimir Óli Heimisson 5 (6), Adam Haukur Baumruk 5 (9), Daníel Þór Ingason 5 (10). **Varin skot:** Davíð Hlíðdal Svansson 8 (30/1, 27%), Kristófer Fannar Guðmundsson 7/1 (20/1, 35%) - Giedrius Morkunas 20/1 (33/2, 61%), Grétar Ari Guðjónsson 4 (8, 50%).

**Grótta - Akureyri 18-21**
**Markahæstir**: Finnur Ingi Stefánsson 5, Leonharð Þorgeir Harðarson 3, Þráinn Orri Jónsson 3 - Kristján Orri Jóhannsson 11, Karolis Stropus 3.
**Stig liða:** Afturelding 16, Selfoss 12, Haukar 12, Valur 12, FH 10, Grótta 9, ÍBV 9, Fram 9, Stjarnan 8, Akureyri 7.



Það er búið að vera mikið álag á Ólafíu síðustu sex vikur. MYND/LET/TRISTAN JONES

# Ólafía í basli á „skrímslinu“ á Indlandi

**GOLF** Ólafíu Þórunni Kristinsdóttur tókst ekki að bæta stöðu sína um helgina í baráttu sinni fyrir áframhaldandi þátttökurétti á Evrópumótaröðinni í golfi. Ólafía náði ekki niðurskurðinum á Hero Women's Indian Open mótinu en hún spilaði á 11 höggum yfir pari.

„Þessi völlur er algjört skrímsli," segir Ólafía. Þrjár martraðarholur voru íslenska kylfingnum dýrkeyptar. Ólafía tapaði alls átta höggum á þessum þremur holum og það sem gerir það enn grátlegra er að hún var síðan aðeins einu höggi frá því að komast í gegnum niðurskurðinn.

„Annan daginn var allt á góðri leið þangað til ég fékk níu á eina holuna, þar sem ég þurfti að taka tvö víti. Ég missti það eiginlega smá andlega þá. Þetta er búin að vera svo rosalega löng törn undanfarið, án hvíldar að ég var óvenju ergin í þessi móti, sem maður má alls ekki á þessum velli sérstaklega,“ segir Ólafía Þórunn. Þetta var fyrsta mót Ólafíu eftir ævinýrið í Abú Dabí þar sem hún var í efsta sæti þegar keppni var hálfnuð en endaði að lokum í 26. til 29. sæti.

„Mér fannst ég vera búin að setja of mikla pressu á sjálfa mig fyrir þetta mót. Ég þurfti alltaf að vera að tala um hvað þetta mót þýddi fyrir mig til að halda keppnisréttinum,“ segir Ólafía Þórunn. „Núna er bara nokkurra daga hvíld til að koma kollinum í lag aftur. Svo harðar æfingar fyrir LPGA lokaúrtökumótið. Ég bíð eftir mögulegu boði í síðasta mótið á árinu í Dúbaí. Það væri síðasti sénsinn minn en annars þá þarf ég kannski bara að fara aftur til Marokkó í úrtökumótið,“ segir Ólafía. - óój

# Þau áttu helgina

**Thelma Dís Ágústsdóttir,**
*körfuboltakona hjá Keflavík*



Hin átján ára gamla Thelma Dís kemur með blússandi sjálfstraust inn í landsleikjahléið eftir frábæra frammistöðu í sigri á móti Grindavík í síðustu umferð Domino´s deildar kvenna fyrir tveggja vikna landsleikjahlé. Thelma Dís var með 18 stig á 25 mínútum, nýtti 80 prósent skota sinna og bauð margoft upp á sýnikennslu í skemmtilegum hreyfingum undir körfunni. Thelma Dís var valin í landsliðshópinn í fyrsta sinn fyrir leiki í undankeppni EM en íslenska landsliðið hóf æfingar undir stjórn Ívars Ásgrímssonar í gær.

**Snorri Einarsson,**
*landsliðsmaður í skíðagöngu*



Snorri Einarsson lét ekki þrettán stiga frost stoppa sig þegar hann tryggði sér silfurverðlaun í 15 kílómetra göngu með frjálsri aðferð á alþjóðlegu FIS-móti í Olos í Finnlandi í gær. Snorri hafði verið í áttunda sæti í 10 kílómetra göngu með hefðbundinni aðferð daginn áður og með því tryggt sér farseðil á á HM í Lahti sem fram fer í febrúar 2017. Snorri bætti stöðu sína eftir því sem leið á gönguna í gær og mun eftir þessa flottu helgi í Finnlandi hoppa upp um mörg sæti á næsta heimslista. Snorri var í 233. sæti á listanum og það verður fróðlegt að sjá hverju þessi helgi skilar honum á nýjum lista.

**Jón Axel Guðmundsson**
*körfuboltamaður hjá háskólaliði Davidson í Bandaríkjunum*



Jón Axel byrjar vel með Davidson-háskólanum en hann var í byrjunarliðinu þegar Davidson vann tólf stiga sigur á Appalachian State í fyrsta leik tímabilsins. Jón Axel var með 11 stig og 5 stoðsendingar í frumraun sinni en enginn á vellinum gaf fleiri stoðsendingar. Jón Axel er þarna að feta í fótspor Steph Curry, besta leikmanns NBA-deildarinnar, sem spilaði með Davidson-skólaliðinu frá 2006 til 2009.



**Ein vinsælasta ballettsýning allra tíma**

HARPA

# Hnotubrjóturinn

*St. Petersburg Festival Ballet*
*ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands*

Hátíðarballettinn frá Pétursborg snýr aftur og flytur eina fegurstu perlu dansbókmenntanna í viðhafnarbúningi ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands í Eldborg. Í ár mun dansflokkurinn einnig sýna í Hofi á Akureyri ásamt Sinfóníuhljómsveit Norðurlands þann 22. nóvember.



*Eldborg*

**24. nóvember** kl. 19:30
**25. nóvember** kl. 19:30
**26. nóvember** kl. 13:00 & 17:00

Börn 12 ára og yngri fá 50% afslátt af miðaverði

Miðasala í síma 528 5050, á harpa.is og tix.is

**www.harpa.is/hbr**

ICELANDAIR Arion banki CENTER HOTELS

Brandenburg | SÍA

FRÉTTABLAÐIÐ
# TÍMAMÓT
14. NÓVEMBER 2016 MÁNUDAGUR




**12. október 1986, dregið í happdrætti blaðamanna í fréttamiðstöðinni í Hagaskóla. Hólmfríður Karlsdóttir, fegurðardrottning Íslands, og Jón Páll Sigmarsson kraftajötunn draga út vinningshafa. Erlendir fréttamenn hlutu vinninginn. Leiðtogafundurinn í Höfða.**
LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

## Merkisatburðir

**1659** - Danir og Hollendingar tóku sænskar hersveitir á Fjóni til fanga eftir orrustuna um Nyborg.
**1894** - Sjómannafélagið Báran var stofnað í Reykjavík.
**1917** - Lög um sjálfræði og fjárræði manna voru staðfest. Menn urðu sjálfráða 16 ára og fjárráða 21 árs. Síðar hafa verið gerðar breytingar á þessum lögum.
**1922** - Breska ríkisútvarpið BBC hóf útsendingar.
**1930** - Hitaveita Reykjavíkur var tekin í notkun. Það var fyrsta hitaveita á Íslandi og tengdust henni á bilinu 70 til 80 hús.
**1944** - Björn Bjarnason, síðar menntamálaráðherra og dóms- og kirkjumálaráðherra fæddist.
**1983** - Tómas Guðmundsson skáld og rithöfundur lést.
**1985** - Hólmfríður Karlsdóttir var kjörin ungfrú heimur.
**2007** - Jarðskjálfti upp á 7,7 á Richter skók Síle.
**2008** - Haldinn var 1.500 manna þjóðfundur í Laugardalhöll í Reykjavík um framtíðarstefnu Íslands.



**Frá þjóðfundinum í Laugardalshöll árið 2008.**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Nanna Hólmdís Jóhannesdóttir**

lést á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga Húsavík 3. nóvember sl. Útförin fór fram frá Húsavíkurkirkju 9. nóvember, í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Fyrir hönd aðstandenda,

**Börn, tengdabörn, ömmubörn og langömmubörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamamma, amma og langamma,

**Ragnheiður Kjartansdóttir Busk**
*Ási, Hveragerði,*

lést 7. nóvember sl. Jarðarförin fer fram frá Hveragerðiskirkju miðvikudaginn 16. nóvember kl. 14.

**María Busk** — **Guðmundur Ingi Gunnlaugsson**
**Kjartan Rúnar Busk** — **Gunhild Windstad**
**Ragnheiður Elsa Busk** — **Steinar Logi Hilmarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.



**Rósa Björg fór með hundinn sinn á Hrafnistu í Hafnarfirði á föstudaginn. Þar hittu þau Ruth Ragnarsdóttur.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR.

# Tugir hunda heimsækja fólk á heimili og stofnanir

**Rauði krossinn heldur í dag námskeið fyrir hundaeigendur sem vilja leyfa hundunum að heimsækja fólk á stofnanir eða dvalarheimili. Í dag tekur 51 hundaeigandi þátt í verkefninu og hópurinn er að stækka. Talið bæta líðan fólks að fá heimsókn frá hundunum.**

Rauði krossinn í Kópavogi er með námskeið fyrir Heimsóknarvini með hund í dag. Heimsóknarvinir Rauða krossins eru sjálfboðaliðar, sem heimsækja fólk á heimili þess, á stofnanir, sambýli og dvalar- og hjúkrunarheimili. Misjafnt er hvað felst í heimsókn en það getur til dæis verið spjall, gönguferð, ökuferð, upplestur, aðstoð við handavinnu og svo framvegis. Þegar heimsóknarvinur er með hund er hundurinn í aðalhlutverki.

„Þetta hefur komið mjög vel út og er mjög mikil ánægja með þetta verkefni. Það er alltaf að bætast við hjá okkur þannig að það eru heimsóknir í hverju einustu viku,“ segir Aðalheiður Jónsdóttir hjá Rauða krossinum í Kópavogi.

> **Þetta hefur komið mjög vel út og er mjög mikil ánægja með þetta verkefni. Það er alltaf að bætast við hjá okkur þannig að það eru heimsóknir í hverju einustu viku**
>
> Aðalheiður Jónsdóttir, starfsmaður Rauða krossins

Aðalheiður segir verkefnið heimsóknarvinur með hund vera um það bil tíu ára gamalt. Á landsvísu er í dag 51 sjálfboðaliði með hund sem tekur þátt í verkefninu. Aðalheiður segir hópinn vera mjög fjölbreyttan. „Þetta eru allar stærðir og gerðir af hundum og alls konar fólk og eigendur að hundunum. Þeir heimsækja líka ofboðslega fjölbreytta flóru. Þeir heimsækja bæði Rjóðrið, sem er heimili fyrir langveik börn og heimsækja einstaklinga á öllum aldri. Svo erum við með fólk sem er að heimsækja fólk á dvalarheimilum og stofnunum. Þetta eru mjög fjölbreytt verkefni sem við erum að sinna.“

Aðalheiður bendir á rannsóknir sem hafa sýnt að það hjálpi oft fólki að umgangast dýr. Til dæmis hafi sést merkjanleg áhrif hjá fólki sem byrjað er að heilabilun. „Fólk virðist oft ná betur til dýra en til annars fólks,“ segir Aðalheiður og bendir á að tengslin milli manna og dýra geti verið mjög ólík tengslum fólks við annað fólk.

Rauði krossinn í Kópavogi heldur utan um verkefnið Heimsóknarvinir með hund á landsvísu. Þeir sem hafa áhuga á að taka þátt geta skráð sig þar eða haft samband á netfangið kopavogur@redcross.is. **jonhakon@frettabladid.is**

ÞETTA GERÐIST 14.NÓVEMBER 1948

# Karl Bretaprins fæddist

Karl Bretaprins er fæddur 14. nóvember 1948 og er því 68 ára gamall í dag. Hann er elsti sonur Elísabetar Bretadrottningar og því ríkisarfi móður sinnar.

Karl Bretaprins er kannski þekktastur af frásögnum um einkalíf hans. Hann giftist fyrri konunni sinni, Díönu Spencer, í St. Pauls dómkirkjunni í Lundúnum árið 1981. Viðstaddir voru 3.500 gestir en að auki var athöfnin send út í sjónvarpi og er áætlað að 750 milljónir manna hafi horft á athöfnina. Synir þeirra eru Vilhjálmur, sem fæddur er 1982, og Harry, sem fæddur er 1984.

Hjónaband þeirra Karls og Díönu var stormasamt. Þau eru bæði sögð hafa haldið framhjá og skildu árið 1996, ári áður en Díana lét lífið í bílslysi.

Karl prins giftist síðari eiginkonu sinni, Camillu Parker Bowles, árið 2005. - jhh






PIPAR\TBWA \ RAFAEL PINHO \ KUKL

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Mánudagur




Í dag verður hægari vindur á landinu en verið hefur undanfarna daga. Boðið verður upp á suðvestan 8-13 m/s og rigningarskúri, en þurrt norðaustanlands. Hiti 2 til 7 stig.

### Þriðjudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 4° | 0° | 0° |
| ↑11 | ↗13 | ↗12 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 0° | 1° | -4° |
| ↗8 | ↗8 | ↑10 |

### Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 2° | -1° | -1° |
| ↓4 | ↙12 | ↘3 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -3° | -3° | -7° |
| →5 | ↓6 | ↓5 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. ágætt
6. frá
8. sigti
9. hlemmur
11. tveir eins
12. hroki
14. drabb
16. gat
17. eru
18. bein
20. frú
21. svikull

**LÓÐRÉTT**
1. tak
3. klaki
4. ófrægðarpappír
5. saur
7. inngangskafli í tónverki
10. óvild
13. blaður
15. mögl
16. amboð
19. hljóta




**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** fínt, **6.** af, **8.** sía, **9.** lok, **11.** öð, **12.** dramb, **14.** slark, **16.** op, **17.** séu, **18.** rif, **20.** fr, **21.** flár.
**LÓÐRÉTT: 1.** hald, **3.** ís, **4.** níðbréf, **5.** tað, **7.** forspil, **10.** kal, **13.** mas, **15.** kurr, **16.** orf, **19.** fá.

### Skák Gunnar Björnsson



Magnus Carlsen (2853) ákvað að „heiðra“ nýkjörinn Bandaríkjaforseta í fyrstu skák heimsmeistaraeinvígisins gegn Sergey Karjakin (2789) í New York með óvæntu byrjunarvali.

**Hvítur á leik**

**2. Bg5!** Beitir Trompovsky-byrjun sem þegar var kölluð Trump-ovsky byrjunin. Skákinni lauk með jafntefli. Annarri skákinni lauk einnig með jafntefli. Staðan er því 1-1.




## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 2 | 6 | 1 | 3 | 7 |
| 2 | 9 | | 3 | | 7 | | 4 | |
| | | | 5 | | | 6 | | |
| | 1 | | | 8 | | 3 | 2 | |
| 5 | 8 | | 6 | | | 4 | | |
| | | 7 | 1 | 9 | | 8 | 5 | |
| | | 1 | | | | | | |
| | | | | | 3 | | 1 | |
| 4 | 5 | 2 | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 8 | 1 | | | 2 | | |
| 3 | | | 2 | | 4 | 9 | 8 | |
| | | | 3 | | | 4 | 6 | 5 |
| | | 1 | | 9 | 8 | | | |
| | | | 5 | | 1 | | | 9 |
| 4 | | | 6 | | 7 | 3 | | |
| | | | | 5 | 2 | | | |
| | 2 | | | | | 5 | 7 | |
| | | 7 | | | | | 2 | 3 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | 1 | | 3 | | 6 | |
| | 2 | | 6 | | | 7 | | |
| 1 | 5 | | 4 | | 7 | | 8 | 2 |
| 6 | | 5 | | | | | | |
| | 3 | 8 | | | 6 | | | |
| | 7 | | | 1 | 4 | 6 | | |
| 5 | | 1 | | | | | 4 | |
| | | | | | 9 | | | 3 |
| 8 | | | | 4 | | 9 | 2 | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudoku →

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 9 | 7 | 8 | 3 | 5 | 2 | 4 | 6 |
| 2 | 4 | 5 | 9 | 6 | 7 | 1 | 3 | 8 |
| 8 | 6 | 3 | 1 | 4 | 2 | 9 | 5 | 7 |
| 3 | 7 | 1 | 6 | 5 | 4 | 8 | 9 | 2 |
| 4 | 5 | 8 | 2 | 7 | 9 | 3 | 6 | 1 |
| 9 | 2 | 6 | 3 | 8 | 1 | 4 | 7 | 5 |
| 5 | 1 | 9 | 4 | 2 | 6 | 7 | 8 | 3 |
| 6 | 3 | 2 | 7 | 9 | 8 | 5 | 1 | 4 |
| 7 | 8 | 4 | 5 | 1 | 3 | 6 | 2 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 1 | 5 | 8 | 4 | 6 | 9 | 3 | 7 |
| 6 | 8 | 9 | 3 | 5 | 7 | 2 | 1 | 4 |
| 3 | 7 | 4 | 1 | 2 | 9 | 5 | 6 | 8 |
| 7 | 2 | 1 | 6 | 8 | 3 | 4 | 5 | 9 |
| 5 | 6 | 8 | 9 | 7 | 4 | 1 | 2 | 3 |
| 9 | 4 | 3 | 5 | 1 | 2 | 7 | 8 | 6 |
| 4 | 3 | 2 | 7 | 6 | 5 | 8 | 9 | 1 |
| 8 | 9 | 7 | 2 | 3 | 1 | 6 | 4 | 5 |
| 1 | 5 | 6 | 4 | 9 | 8 | 3 | 7 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | 9 | 4 | 5 | 1 | 6 | 8 | 2 |
| 5 | 8 | 4 | 6 | 7 | 2 | 9 | 3 | 1 |
| 6 | 1 | 2 | 3 | 8 | 9 | 4 | 5 | 7 |
| 4 | 5 | 1 | 2 | 3 | 8 | 7 | 6 | 9 |
| 9 | 2 | 7 | 5 | 6 | 4 | 8 | 1 | 3 |
| 8 | 6 | 3 | 1 | 9 | 7 | 2 | 4 | 5 |
| 7 | 3 | 6 | 8 | 2 | 5 | 1 | 9 | 4 |
| 1 | 9 | 5 | 7 | 4 | 6 | 3 | 2 | 8 |
| 2 | 4 | 8 | 9 | 1 | 3 | 5 | 7 | 6 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





Rétti tíminn til að koma lagi á elhúsið fyrir jól
ORMSSON
Búsáhaldadagar
Afsláttur af gæðavörum frá þekktum framleiðendum
Búsáhöld & smáraftæki
Tefal
Tefal hefur verið hjá Ormsson í 25 ár, og það köllum við meðmæli.
25% afsláttur
Jamie Oliver Tefal-panna með höldum - 30 cm
Jamie Oliver Tefal-Professional 28 cm
Jamie Oliver-sett
Úrval eldhústækja
staub en France
Franskt merki sem kokkarnir þekkja
15% afsláttur
Grillpönnur
Vertical roaster
Cocottes
de BUYER DEPUIS 1830
Þekktur framleiðandi sem hefur starfað síðan 1830.
15% afsláttur
Mandolin
Koparpottar
Pönnur
AEG
AEG þekkja flestir Íslendinga enda hafa þeir þjónað okkur í yfir 90 ár.
25% afsláttur
Kaffivél með tímastillingu
Töfrasproti
Expresso-kaffivél
Hraðsuðuketill
Blandari
OBH NORDICA
Nordica hefur verið hjá Ormsson um árabil og vörurnar frá þeim halda áfram að koma á óvart.
25% afsláttur
Smoothie Twister
Eggjasuðuvél
Hraðsuðuketill
Poppvél
Kaffivél sem sýður vatnið
ormsson.is
Opnunartímar:
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-15.
FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2016
ORMSSON Greiðslukjör
Vaxtalaust í allt að 12 mánuði
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500
SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK -EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038
ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160
GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333
TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211
OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300
BLÓMSTURVELLIR HELLISSANDI SÍMI 436 6655

LAUGARÁS BÍÓ
midi.is Miðasala og nánari upplýsingar

HACKSAW RIDGE
POWERSÝNING KL. 22.40
ARRIVAL

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| HACKSAW RIDGE | 8, 10.40 (P) |
| ARRIVAL | 8, 10.25 |
| TRÖLL 2D ÍSL.TAL | 6 |
| BRIDGET JONES'S BABY | 5.30, 8, 10.30 |
| DOCTOR STRANGE | 5.30 |

SAMBÍÓIN SAMbio.is
MICHAEL FASSBENDER ALICIA VIKANDER RACHEL WEISZ
THE LIGHT BETWEEN OCEANS
OBSERVER · ENTERTAINMENT WEEKLY · GUARDIAN
Byggð á samnefndri metsölubók
BENEDICT CUMBERBATCH CHIWETEL EJIOFOR TILDA SWINTON
"FLAT OUT COOL" THE WRAP · ENTERTAINMENT WEEKLY · EMPIRE
MARVEL STUDIOS DOCTOR STRANGE
CHICAGO SUN TIMES · LOS ANGELES TIMES
BEN AFFLECK ANNA KENDRICK J.K. SIMMONS JON BERNTHAL JEFFREY TAMBOR JOHN LITHGOW
THE ACCOUNTANT
Blanda af Jason Bourne og The Usual Suspects

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| THE LIGHT BETWEEN OCEANS | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| THE ACCOUNTANT | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| THE ACCOUNTANT VIP | KL. 10:40 |
| SJÖUNDI DVERGURINN ÍSLTAL | KL. 6 |
| DOCTOR STRANGE 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| DOCTOR STRANGE 2D VIP | KL. 5:30 - 8 |
| JACK REACHER 2 | KL. 8 - 10:30 |
| THE GIRL ON THE TRAIN | KL. 8 |
| STORKAR ÍSLTAL | KL. 6 |
| SULLY | KL. 10:30 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
|---|---|
| THE LIGHT BETWEEN OCEANS | KL. 8 - 10:40 |
| THE ACCOUNTANT | KL. 10:40 |
| DOCTOR STRANGE 3D | KL. 8 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| THE LIGHT BETWEEN OCEANS | KL. 6 - 9 |
| THE ACCOUNTANT | KL. 5:30 - 8 - 10:40 |
| SJÖUNDI DVERGURINN ÍSLTAL | KL. 5:30 |
| DOCTOR STRANGE 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| JACK REACHER 2 | KL. 8 - 10:30 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|
| THE LIGHT BETWEEN OCEANS | KL. 6 - 9 |
| THE ACCOUNTANT | KL. 6 - 9 |
| DOCTOR STRANGE 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | |
|---|---|
| THE LIGHT BETWEEN OCEANS | KL. 8 |
| THE ACCOUNTANT | KL. 8 - 10:40 |
| SJÖUNDI DVERGURINN ÍSLTAL | KL. 6 |
| DOCTOR STRANGE 2D | KL. 5:30 - 10:40 |

Sýnd með íslensku tali
JACK REACHER
THE GIRL ON THE TRAIN

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
SMÁRABÍÓ & HÁSKÓLABÍÓ
Allt · Smárabíó · Háskólabíó · Væntanlegt
Upplýsingar um kvikmyndir og sýningartíma eru á smarabio.is
Kaupa miða

# Hvað? Hvenær? Hvar?
## Mánudagur

hvar@frettabladid.is

**14. NÓVEMBER 2016**

### Tónlist

**Hvað?** Kvöldstund með Lenku og Peter Máté
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hannesarholt
Kvöldstund með Lenku og Peter Máté. Lenka og Peter Máté eru tónlistarhjón sem fluttu frá Tékkóslóvakíu til Íslands fyrir 26 árum. Lenka starfar sem kantor við Kópavogskirkju en Peter er fagstjóri við tónlistardeild Listaháskóla Íslands og píanókennari við Tónlistarskólann í Reykjavík. Þau hafa bæði tekið drjúgan þátt í tónlistarlífinu á Íslandi síðustu áratugi. Þau segja frá lífinu á bak við járntjaldið og breytingum eftir byltinguna í Austur-Evrópu, frá gömlum siðum á heimaslóðum og nýju lífi á Íslandi.

**Hvað?** Málþing um málefni intersex-fólks
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Háskóli Íslands, stofa 101, Lögbergi
Málþing um málefni intersex-fólks fer fram á vegum RIKK, í samstarfi við Intersex Ísland og þverfræðilegt nám í kynfræði við Háskóla Íslands, 14. nóvember 2016, í stofu 101 í Lögbergi. Málþingið hefst kl. 15 og lýkur kl. 17. Dagskrá er eftirfarandi: Kitty Andersen, formaður Intersex Ísland, stjórnarmaður í Samtökunum 78 og ritari framkvæmdastjórnar Organisation Intersex International Europe: „Upon recognition of Intersex human rights violations.“ Tommi Paalanen, framkvæmdastjóri Sexpo Foundation, doktor í félagsvísindum og heimspekingur: „Foreskin Ethics – Ethical Enquiry into Male Genital Mutilation.“ Sólveig Anna Bóasdóttir, prófessor í guðfræðilegri siðfræði og kennari í þverfræðilegu námi í kynfræði: „Making sex! From Simone de Beauvoir to John Money & Anke Ehrhardt.“ Tiina Vilponen er kynningarfulltrúi Sexpo Foundation. Hún er með meistarapróf í guðfræði, ráðgjafi um málefni tengd kynhneigð og -vitund, viðurkenndur sérfræðingur í kennslu um kynhneigð og -vitund og kynheilsu: „Genital Autonomy as a Sexual Right.“ Málþingið fer fram á ensku, er öllum opið og aðgangur er ókeypis.


Málþing um málefni intersex-fólks fer á vegum RIKK, fer fram í Háskóla Íslands í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Uppákomur

**Hvað?** Heilsufæðan súkkulaði
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Gló, Fákafeni
Lærðu af hverju þú ættir að borða dökkt súkkulaði fyrir heilsuna. Á námskeiðinu hjá Ásdísi Rögnu verður farið yfir meðal annars ofurfæðuna súkkulaði og heilsueflandi áhrif þess á líkamann, vísindin á bak við kakóbaunina, næringarefni og virk efni, áhrif súkkulaðis á geðið, þyngdarstjórnun, hjarta- og æðakerfi, sætuefni og hráefni til að nota í súkkulaðigerð og heilsubakstur, uppáhaldssúkkulaðiuppskriftir Ásdísar: konfekt, kökur og fleira gómsætt. Ókeypis smakk á lífrænu hágæða súkkulaði verður í boði og allir þátttakendur fá súkkulaðigladning með sér heim, einnig fá þátttakendur uppskriftahefti með súkkulaðiuppskriftum og gefst kostur á að versla með afslætti í búðinni að námskeiði loknu.



### Hugleiðsla

**Hvað?** Hugleiðsla og gongslökun á fullu tungli.
**Hvenær?** 20
**Hvar?** Jógasalur Ljósheima Borgartúni 3
Gott tækifæri til að hugleiða og njóta heilandi tóna gongsins á fullu tungli í kvöld frá klukkan 20-21.20. Hugleiðslan er fyrir eingu í hjarta. Byrjendur sem vanir velkomnir. 2.000 kr. Skráning á peaceresound@gmail.com. Arnbjörg Kristín leiðir tímann.

BIO ★ PARADIS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| Slack Bay | 17:45, 20:00 |
| Aumingja Ísland | 18:00 |
| Innsæi / The Sea Within | 18:00 |
| Child Eater | 20:00 |
| Svarta gengið | 20:00 |
| The Girl With All The Gifts | 22:15 |
| Captain Fantastic | 22:00 |
| Ransacked | 22:00 |

THE GIRL WITH ALL THE GIFTS
BÍÓ ★ PARADÍS Slack Bay



Í gær var svo afhjúpaður minningarskjöldur fyrir utan Bataclan.

# Bataclan opnað á nýjan leik

Sting enduropnaði tónleikastaðinn Bataclan með mögnuðum tónleikum ári eftir að hryðjuverkamenn myrtu þar 90 manns.

Þegar Sting kom á sviðið var það fyrsta sem hann gerði að segja: „Það er tvennt sem við þurfum að gera hér í kvöld. Annars vegar að minnast og heiðra þá sem létust hér og hins vegar fagna lífinu og tónlistinni sem hér hefur hljómað svo lengi,“ sagði Sting á reiprennandi frönsku. Hann opnaði tónleikana með rólegri útgáfu af lagi sínu Fragile.

Þegar lagið Every Breath You Take fór að hljóma tóku nokkrar mæður fórnarlambanna sig til og héldu á myndum af látnum fjölskyldumeðlimum, svona eins og til að leyfa þeim líka að sjá og hlusta. Tilfinningarnar báru marga gesti ofurliði þegar lagið hljómaði samkvæmt tónlistargagnrýnanda Guardian.

Sting lokaði tónleikunum einn á sviðinu með kassagítar.

Tveir af meðlimum hljómsveitarinnar Eagles of Death Metal ætluðu að vera á tónleikunum en hljómsveitin spilaði á tónleikunum örlagaríku í fyrra. Þeim var meinuð innganga af eiganda Bataclan. „Þeir mættu, ég henti þeim út. Það er sumt sem þú getur ekki fyrirgefið,“ sagði Jules Frutos, eigandi við AFP.


Tónleikar Sting mörkuðu enduropnun Bataclan staðurinn hefur verið lokaður frá því árásin var gerð.

Í viðtali gaf söngvari hljómsveitarinnar það í skyn að öryggisverðir Bataclan hefðu átt aðild að árásinni og skömmu síðar gagnrýndi hann ströng lög í Frakklandi um skotvopn.

Tónleikar Sting mörkuðu enduropnun Bataclan, eb staðurinn hefur verið lokaður frá því árásin var gerð.

benedikt@365.is


Fréttamenn víða að komu til að fylgjast með opnuninni.


Blómahafið til minningar um fórnarlömbin minnti á hræðilegan dag.




# DAGSKRÁ

# Mánudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Simpson-fjölskyldan
**07.25** Tommi og Jenni
**07.45** The Middle
**08.10** 2 Broke Girls
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.20** Who Do You Think You Are
**11.05** Sullivan & Son
**11.30** My Dream Home
**12.35** Nágrannar
**13.00** X-factor UK
**13.50** X-factor UK
**14.45** X-factor UK
**15.40** Falcon Crest
**16.30** Tommi og Jenni
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Íþróttir
**19.05** Fréttir Stöðvar 2
**19.20** Landnemarnir
**19.55** Lóa Pind: Bara geðveik Vönduð og glæsileg þáttaröð í umsjón Lóu Pind. Við kynnumst þremur geðveikum ungmennum á þrítugsaldri, þeim Silju Björk, Brynjari Orra og Bjarneyju. Eins skyggnumst við inn í líf Ágústu sem hefur glímt við geðsjúkdóm í um aldarfjórðung. Opinská og einlæg segja þau frá veikindum sínum; geðklofa, geðhvörfum, þunglyndi, ranghugmyndum og skrítnum aðstæðum sem fárveikar manneskjur. Þau eru geðveik. En ekki bara geðveik. Þau eru líka upprennandi rithöfundur, snjóbrettagaur, mamma, þjónn, kærasta, bróðir, skemmtileg, lífsglöð og með blik í augum þegar vel gengur.
**20.25** The Night Shift
**21.10** Westworld Hörkuspennandi þáttaröð úr smiðju J.J. Abrams og Jonathans Nolan sem byggð er á bók Michaels Crichton. Þættirnir gerast í fullorðins þemagarði sem gengur út á að vélmenni sem líkjast mönnum sinna öllum þörfum gesta garðsins. Fljótlega kemur í ljós galli í vélmennunum sem hefur ógnvænlegar afleiðingar.
**22.05** Eyewitness
**22.50** The Path
**23.40** Underground
**00.25** Blindspot
**01.10** Lucifer
**01.55** Mistresses
**02.40** Mistresses
**03.25** The Third Eye
**04.15** The Mysteries of Laura
**05.00** Major Crimes
**05.45** Bones

## STÖÐ 2 SPORT

**07.00** NFL
**09.20** Formúla 1
**11.40** Undankeppni HM
**13.20** Undankeppni HM
**15.00** Undankeppni HM
**16.40** HM Markasyrpa
**17.05** Meistaradeild Evrópu – fréttaþáttur
**17.30** NFL
**19.50** NBA
**21.50** FED Cup
**00.50** UFC Now

## STÖÐ 2 SPORT 2

**11.20** Undankeppni HM
**13.00** Undankeppni HM
**14.40** Undankeppni HM
**16.20** Undankeppni HM
**18.00** Formúla 1
**20.20** Domino's-deild karla
**22.00** Körfuboltakvöld
**23.40** Meistaradeild Evrópu – fréttaþáttur
**00.05** NBA
**00.30** UFC Unleashed

## STÖÐ 3

**17.00** Mike & Molly
**17.20** The League
**17.45** New Girl
**18.10** Modern Family
**18.35** Fóstbræður
**19.05** Stelpurnar
**19.30** Sælkeraferðin
**19.50** Who Do You Think You Are?
**20.40** The Vampire Diaries
**21.25** Banshee
**22.25** Klovn
**22.55** The Last Man on Earth
**23.20** The Americans
**00.05** The Mentalist
**00.50** Stelpurnar
**01.15** Sælkeraferðin
**01.35** Who Do You Think You Are?
**02.35** The Vampire Diaries
**03.20** Tónlist

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Kalli á þakinu
**07.25** Gulla og grænjaxlarnir
**07.37** Stóri og litli
**07.49** Hvellur keppnisbíll
**08.00** Zigby
**08.10** Ævintýraferðin
**08.25** Latibær
**08.47** Mæja býfluga
**09.00** Dóra könnuður
**09.24** Mörgæsirnar
**09.47** Doddi litli og Eyrnastór
**10.00** Áfram Diego, áfram!
**10.24** Svampur Sveinsson
**10.49** Lalli
**10.55** Rasmus Klumpur
**11.00** Kalli á þakinu
**11.25** Gulla og grænjaxlarnir
**11.35** Stóri og litli
**11.47** Hvellur keppnisbíll
**12.00** Zigby
**12.10** Ævintýraferðin
**12.25** Latibær
**12.47** Mæja býfluga
**13.00** Dóra könnuður
**13.24** Mörgæsirnar
**13.47** Doddi litli og Eyrnastór
**14.00** Áfram Diego, áfram!
**14.24** Svampur Sveinsson
**14.49** Lalli
**14.55** Rasmus Klumpur
**15.00** Kalli á þakinu
**15.25** Gulla og grænjaxlarnir
**15.35** Stóri og litli
**15.47** Hvellur keppnisbíll
**16.00** Zigby
**16.10** Ævintýraferðin
**16.25** Latibær
**16.47** Mæja býfluga
**17.00** Dóra könnuður
**17.24** Mörgæsirnar
**17.47** Doddi litli og Eyrnastór
**18.00** Áfram Diego, áfram!
**18.24** Svampur Sveinsson
**18.49** Lalli
**18.55** Rasmus Klumpur
**19.00** Skoppa og Skrítla í bíó



Doddi litli og Eyrnastór
kl. 09.47, 13.47 og 17.47

## GOLFSTÖÐIN

**08.00** OHL Classic
**11.00** Golfing World
**11.50** Ryder Cup Official Film
**13.05** Nedbank Golf Challenge
**19.05** Golfing World 216
**19.55** PGA Tour 2016 – Highlights
**20.50** OHL Classic

## BÍÓSTÖÐIN

**11.15** Semi-Pro
**12.45** Pixels
**14.30** Ocean's Twelve
**16.35** Semi-Pro
**18.05** Pixels Bráðskemmtileg hasarmynd frá árinu 2015 með Adam Sandler, Kevin James og Michelle Monaghan í aðalhlutverkum. Þegar geimverur mistúlka vídeó af sígildum spilakassatölvuleikjum og líta svo á að búið sé að lýsa yfir stríði á hendur þeim, þá ráðast þær á jörðina og nota leikina sem módel fyrir mismunandi árásir. Will Cooper Bandaríkjaforseti verður að hringja í æskuvin sinn, spilameistarann frá níunda áratug síðustu aldar, Jules Brenner, sem nú vinnur við að setja upp heimabíó hjá fólki, til að kalla saman teymi spilakassaspilara til að berjast gegn geimverunum og bjarga jörðinni.
**19.55** Ocean's Twelve
**22.00** Devil's Knot
**23.55** Frankie & Alice Dramatísk mynd frá 2010 með Halle Berry og Stellan Skarsgård og fjallar um dansara sem glímir við margþættan persónuleika og leitar sér aðstoðar hjá geðlækni. Í tímunum hjálpast þau að við að takast á við drauga úr fortíð hennar sem erfitt er að kveða niður.
**01.35** Lucy
**03.05** Devil's Knot

## RÚV

**17.20** Landinn
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Hvolpasveitin
**18.24** Unnar og vinur
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**20.00** Skrekkur
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Frumherjar sjónvarpsins – Gamanmál
**23.15** Erfingjarnir
**00.10** Kastljós
**00.35** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** The Millers
**08.20** Dr. Phil
**09.00** The Biggest Loser
**09.45** The Biggest Loser
**10.35** Pepsi MAX tónlist
**13.20** Dr. Phil
**14.00** America's Funniest Home Videos
**14.20** Chasing Life
**15.05** Grandfathered
**15.25** Younger
**15.50** Jane the Virgin
**16.35** The Tonight Show
**17.15** The Late Late Show
**17.55** Dr. Phil
**18.35** Everybody Loves Raymond
**19.00** King of Queens
**19.25** How I Met Your Mother
**19.50** Superstore
**20.15** No Tomorrow
**21.00** Hawaii Five-0
**21.45** Shades of Blue
**22.30** The Tonight Show
**23.10** The Late Late Show
**23.50** Scandal
**00.35** Sex & the City
**01.00** Code Black
**01.45** Scorpion
**02.30** Hawaii Five-0
**03.15** Shades of Blue
**04.00** The Tonight Show
**04.40** The Late Late Show
**05.20** Pepsi MAX tónlist

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |





NÝ ÞÁTTARÖÐ!

2
**LANDNEMARNIR**
Kristján Már Unnarsson rýnir í sögu nokkurra stórhöfðingja íslensku landnámssögunnar, kappa eins og Ingimundar gamla, Helga magra, Hrollaugs Rögnvaldssonar o.fl. Flestir hröktust úr fyrri heimkynnum til Íslands og námu þar stór héruð og gerðust landnámshöfðingjar.

FRÁBÆRT
**MÁNUDAGSKVÖLD**
Fáðu þér áskrift á **365.is** 365




2
**LÓA PIND: BARA GEÐVEIK**
Hvernig er eiginlega að vera geðveikur? Hugrakkir Íslendingar opna sig um geðklofa, þunglyndi, geðhvörf og kvíða í vandaðri þáttaröð Lóu Pind. Í þessum þætti kynnumst við Bjarneyju, nokkrum vikum eftir að hún byrjar á sínum fyrstu geðlyfjum og heimsækjum Ágústu sem er fjögurra barna móðir og hefur glímt við erfiða geðsjúkdóma lengi.



NÝTT Á STÖÐ 2

2
**EYEWITNESS**
Tveir unglingsdrengir ákveða að hittast á laun á fáförnum stað en eiga fótum sínum fjör að launa þegar þeir verða vitni að glæp. Þeir ákveða að hylma yfir glæpinn svo launsamband þeirra verði ekki opinbert en sú ákvörðun hefur ófyrirséðar afleiðingar. Glænýir magnaðir spennuþættir, byggðir á norsku spennuþáttaröðinni Øyevitne.

2 HEIMILI HBO
**WESTWORLD**
Mannleg vélmenni sjá um að sinna öllum þörfum gesta í fullorðinsskemmtigarði en fljótlega kemur í ljós galli í vélmennunum sem hefur ógnvænlegar afleiðingar.



365.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Fréttablaðið eykur þjónustu sína við lesendur á landsbyggðinni.**

Þú getur nálgast frítt eintak af Fréttablaðinu á
eftirfarandi sölustöðum víðsvegar um landið:

N1 olís Samkaup BÓNUS




FRÉTTABLAÐIÐ
mest lesna dagblað landsins.




FRÁBÆR JÓLATILBOÐ
STILLANLEG HEILSURÚM



STILLANLEGU HEILSURÚMIN FRÁ C&J:
· Inndraganlegur botn
· Lyftigeta yfir 2 x 450 kg per botn
· Mótor þarfnast ekki viðhalds
· Tvíhert stálgrind undir botni
· Tveir nuddmótorar með tímarofa
· Þráðlaus fjarstýring með klukku, vekjara og vasaljósi
· LED lýsing undir rúmi
· Hliðar og endastopparar svo dýnur færist ekki í sundur

DÝPRI OG BETRI SVEFN

Með því einu að snerta takka getur þú stillt rúmið í hvaða stöðu sem er og með öðrum færð þú nudd. Saman hjálpa rúmið og dýnan þér að ná hámarksslökun og dýpri og betri svefni. Svo vaknar þú endurnærð/ur og tilbúin/n í átök dagsins.

ÞRÁÐLAUS FJARSTÝRING




STILLANLEGT RÚM – VERÐDÆMI
Með tveimur Serta Therapist heilsudýnum, 2 x 90 x 200 cm. Fullt verð: 589.800
Tilboð 442.350 kr.

OKKAR KLASSÍSKI
HEILSUINNISKÓR



Vinsælasta jólagöfin í Betra Baki komin aftur. Inniskór sem laga sig að fætinum og dreifa þyngd jafnt um allt fótsvæðið. Ný og endurbætt útgáfa!

3.900 KR.

NÝJUNG Í BETRA BAKI
SLÖKUN OG VELLÍÐAN



UNDRI heilsuinniskór með fimmsvæða nuddinnleggi. Draga úr spennu og örva blóðflæði. Skórnir eru fallegir, hlýir og einstaklega þægilegir. Fáanlegir í dökkgráu eða ljósu flókaefni. Komdu og prófaðu!

5 reflex zones
BYLTINGAKENNT 5 SVÆÐA NUDDINNLEGG

7.900 KR.

FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477
DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100
SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566
Betra BAK




Andri Björn í hlutverki sínu sem Antonio í verkinu Tosca sem sýnt er í London. Hann mun halda tónleika á Íslandi ásamt eiginkonu sinni í desember. MYND/ RICHARD HUBERT SMITH

# Þingeyska loftið kom sér vel

**Hvatningaróp Róberts Agnarssonar ómaði um stofur landsmanna þegar Ísland spilaði við Króatíu á tómum Maksimir-vellinum. Sonur Róberts er einn efnilegasti söngvari landsins enda þingeyskt loft í lungunum.**

Þingeyska loftið hefur oft komið sér vel en aldrei eins og núna,“ segir Róbert Agnarsson, sem situr í landsliðsnefnd KSÍ, en hann vakti þjóðarathygli á laugardaginn þegar hvatningaróp hans til íslenska landsliðsins ómuðu um stofur landsmanna í landsleiknum gegn Króötum.

Engir áhorfendur voru á leiknum vegna bulluláta króatískra stuðningsmanna og því mátti heyra vel þegar Róbert hóf upp rödd sína og kallaði hátt og skýrt; Áfram Ísland.

„Ég var nú bara að hvetja mína menn,“ segir Róbert sem sat með fyrirmennum frá knattspyrnusamböndum þjóðanna. „Króötunum fannst þetta svolítið fyndið. Ég spurði eftirlitsmann UEFA hvort þetta mætti. Sá var frá Skotlandi og sagði að það væri ekkert sem bannaði þetta. Þannig að ég lét bara vaða.“

Róbert fékk góðan stuðning frá Magnúsi Gylfasyni, sem einnig situr í landsliðsnefndinni, en sá er einnig þekktur fyrir ofboðslegan raddstyrk. „Hann var í bakröddunum sem er reyndar merkilegt því hann er svo raddsterkur,“ segir Róbert og hlær.

Róbert stýrði Kísiliðjunni í Mývatnssveit í mörg ár og söng annan bassa í kirkjukórnum. Sonur hans, Andri Björn, er einn efnilegasti söngvari landsins og er þessa stundina að syngja bassa í sýningunni Tosca í ensku óperunni. Túlkar þar Angelotti.

„Tenging fjölskyldunnar við Mývatnssveit er enn töluverð. Jón Stefánsson kenndi Andra mikið en hann var úr sveitinni og Andri notast enn við tölvupóstfangið Mývatnsbassinn,“ segir Róbert og hlær.

Andri mun halda tónleika í Hannesarholti þann 14. desember ásamt eiginkonu sinni Ruth Jenkins-Róbertsson sópran og flytja ljóð og aríur ásamt Kristni Erni Kristinssyni píanóleikara. **benediktboas@365.is**




Þrátt fyrir hvatningaróp Róberts tapaði Ísland 2-0 fyrir Króatíu og voru menn svekktir með þau úrslit enda spilaði liðið vel. MYND/GETTY



Flottir feðgar. Andri Björn ásamt föður sínum Róberti Agnarssyni á stóra degi þess fyrrnefnda. Feðgarnir eiga það sameiginlegt að vera með sterka rödd, svo sterka að þjóðin tók eftir. MYND/ÚR EINKASAFNI

## Frá samfélagsmiðlum

**Björn Jóhann Björnsson**
Maður leiksins: Þessi sem kallar Ááááfraaamm Ííílslaaand #áframÍsland

**Katrín Agla**
Sá sem er alltaf einn að hrópa áfram ísland er maður leiksins

**Hörður Axel Vilhjálmsson**
Þessi sem er að kalla áfram Ísland á leiknum er minn maður! Ekki oft sem stuðningur gestaliðs er meiri en heimaliðs í Króatíu!

**Einar Bárðarson**
Maður leiksins til þessa er íslenski ljósmyndarinn "áfram ÍslaAAaand" #áframísl-and°

> ÉG SPURÐI EFTIRLITSMANN UEFA HVORT ÞETTA MÆTTI. SÁ VAR FRÁ SKOTLANDI OG SAGÐI AÐ ÞAÐ VÆRI EKKERT SEM BANNAÐI ÞETTA. ÞANNIG AÐ ÉG LÉT BARA VAÐA.
>
> Róbert Agnarsson

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*


BACON
QUESADILLA
Mjúk tortilla,
beikon, ostur, sósa
og kjúklingabringa
eða nautasteik.
Stök á
1099 kr.
Bacon Quesadilla,
nachos, gos og Conga
súkkulaði.
1699 kr.
pepsi
CONGA
TACO
BELL
Hafnarfirði / Grafarholti / www.tacobell.is

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5000 Vísir
Ritstjórn 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild auglysingar@frettabladid.is Prentun Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

Bakþankar

Helgu Völu Helgadóttur



# Fyrirgefið mér

Ég er orðin miðaldra. Ég nenni ekki lengur að missa slag úr hjarta yfir pólitíkinni. Orðin dofin, bullið flæðir, orðin feit í heilanum, nenni ekki að rífast, berjast eða benda á ranglætið. Feit, þreytt og löt. Fyrirgefið mér.

Já, ég nenni ekki lengur að berjast gegn ógeðslega óréttlátum lánum sem hvíla á húsinu mínu. Nenni ekki heldur að brjálast yfir ónýtri krónu sem ég neyðist til að fá í veskið um hver mánaðamót vegna starfa minna á Íslandi, en gerir alla framtíðarútreikninga marklausa. Nenni ekki lengur að berjast gegn niðurbrotnu heilbrigðis- og menntakerfi. Örmagna löggæslukerfi og fáránlegu fiskveiði- og landbúnaðarkerfi.

Já, ég nenni ekki lengur að berjast gegn sérhagsmunaflokknum sem stanslaust ræður hér á landi í þjóðmálum og sveitarstjórnum. Nenni ekki að berjast gegn lyginni sem flokkurinn leggur á borð fyrir okkur. Flokknum sem lýgur til um útgjöld, stöðu fjármála, eignar sér góð verk en kennir öðrum um það sem miður fer bæði í landsmálum sem og á sveitastjórnarstigi. Þeir virðast vera alls staðar „strákarnir til að leiðrétta söguna“. „Let them deny it“ er leikurinn. Ef þú segir eitthvað nógu oft, hvort sem það er sannleikanum samkvæmt eða ekki, fer pöpullinn að trúa. Líka lyginni. Nenni ekki að berjast gegn flokknum sem felur sig þegar endalaus spillingarmálin í hans boði smjúga um allt kerfið og menga hugsanir okkar. Gera okkur dofin, líkt og ég er núna. Feit í heilanum. Dofin. Nenni ekki lengur að berjast. Ætla frekar að hjúpa mig og mína og vona að þetta verði allt í lagi. Núna skil ég þá betur sem sváfu á meðan ég barðist. Þeir komu á undan mér og gáfust líklega upp. Fyrirgefið mér.







